



ORKUSTOFNUN ÁRSSKÝRSLA 1997

Yfirlit um starfsemi Orkustofnunar 1997

Orkustofnun starfar samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967 og reglugerð nr. 632/1996, sem tók gildi 1. janúar 1997. Með setningu reglugerðarinnar var sú meginbreyting gerð á starfsemi stofnunarinnar að rannsóknarþátturinn var skilinn frá ráðgjafar- og stjórnsýslustarfsemi, svonefndum orkumálahluta, og falinn tveimur fjárhagslega sjálfstæðum rekstrareiningum innan Orkustofnunar, Rannsóknasviði og Vatnamælingum, einu nafni rannsóknarhluta, sem stundar rannsóknir sem verktaki.

Hlutverk orkumálahlutans, sem er undir beinni stjórn orkumálastjóra, var jafnframt skilgreint að nýju og verksvið hans aukið. Hann skiptist í Orkumálasvið, sem fer með það fé sem veitt er til orkurannsóknar á fjárlögum, og Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sem er rekinn sem sjálfstæð eining og að mestu kostaður af fjárveitingum til utanríkisráðuneytis.

Orkumálastjóri er Porkell Helgason.

Á Orkustofnun starfa 90 manns, þar af eru 65 sérfræðingar og stjórnendur rannsókna.

Eftirfarandi er nánari lýsing á verksviði einstakra eininga:

Orkumálasvið

Meginhlutverk Orkumálasviðs er:

- Að vera ríkisstjórn til ráðuneytis um orkumál og önnur auðlindamál og taka þátt í stjórnslu á þessu sviði.
- Að standa fyrir rannsóknum á orkulindum og varðveita grundvallarupplýsingar um þær.
- Að halda skrár um orkubúskap og orkunýtingu landsmanna og standa fyrir nauðsynlegum rannsóknum í því skyni.
- Að vinna að áætlun til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar, rannsóknir og hagnýtingu orkulinda landsins í samvinnu við aðra.
- Að hafa umsjón með auðlindum ríkisins.
- Að miðla upplýsingum um orkubúskap og nýtingu auðlinda til stjórnvalda, erlendra aðila og almennings.

Til að sinna þessum verkefnum hefur sviðið sett sér svofelld markmið:

- Að hafa heildaryfirsýn yfir orkumál og orkurannsóknir hér og erlendis.
- Að safna gögnum um vinnslu og notkun orku, innflutning orkugjafa, þróun orkuverðs og gefa út skýrslur um þessi efni.
- Að byggja upp og reka gagnagrunn um auðlindir og orkumál og miðla þaðan upplýsingum til stjórnvalda, erlendra aðila, fyrirtækja og almennings.
- Að vinna að áætlunum um orkubúskap þjóðarinnar og gefa út orkuspár.
- Að gera áætlun um rannsóknir og semja um framkvæmd þeirra.
- Að meta og túlka niðurstöður rannsókna.
- Að stuðla að þróun aðferða og tækja til rannsókna.
- Að standa fyrir orkukerfisrannsóknum.
- Að stuðla að sjálfbærri þróun orkumála.
- Að stuðla að orkusparnaði, samnýtingu orkulinda og aukinni hagkvæmni í orkunýtingu.
- Að stuðla að samvinnu þeirra sem stunda orkuvinnslu, orkuflutning og orkusölu.

Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Jarðhitaskólinn starfar samkvæmt samningi milli Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókýó og Orkustofnunar f.h. íslenska ríkisins. Í skólanum er veitt sérhæfð þjálfun í jarðfræði, jarðeðlisfræði, borholumælingum, jarðefnafræði, forðafræði, verkfræði, bortækni o.fl.

Nemendur frá þróunarlöndunum og nokkrum löndum A-Evrópu fá styrki til námsins frá íslenskum stjórnvöldum og Sameinuðu þjóðunum. Kennslan er í höndum sérfræðinga á Orkustofnun og frá Háskóla Íslands, verkfræðistofum og hitaveitum.

Vatnamælingar

Hlutverk Vatnamælinga er að veita áreiðanlegar upplýsingar um vatnafar og vatnsbúskap. Helstu verkefni eru:

- Kerfisbundinn, samfelldur rekstur vatnamælingastöðva í ám, stöðuvötnum, lónum og grunnvatni.
- Samfelldar mælingar á jöklabúskap, snjóalögum og veðurfari á hálendi landsins.
- Samfelldar mælingar á vatnshita, aurburði og öðrum eðlis- og efnafræðilegum eiginleikum vatns.
- Dýptarmælingar stöðuvatna.
- Rannsóknir og kortlagning á ísalögum fallvatna og stöðuvatna.
- Varðveisla, þróun og viðhald á samhæfðum gagnabanka fyrir vatnafræðileg gögn, svo og umsjón með skráum um vatnsföll, stöðuvötn og jökla.
- Rannsóknir og þróun á sviði vatnamælinga og vatnafræði.
- Hlutverk vatnafræðilegs ráðgjafa veðurstofustjóra vegna WMO og alþjóðasamstarf því tengt.

Rannsóknasvið

Starfsemi Rannsóknasviðs miðar að því að uppfylla þarfir orkuviðnæðarinnar fyrir grunnrannsóknir. Það annast jafnframt fjölbreytta þjónustu tengda rannsóknum orkulinda og nýtingu þeirra. Rannsóknasvið veitir líka aðilum utan orkugeirans ýmsa þjónustu á sviði jarðvísinda. Helstu þættir í þjónustu Rannsóknasviðs eru:

Jarðhitarannsóknir:

- Jarðhitaleit og alhliða rannsóknir á jarðhita, ráðgjöf og þjónusta við boranir, ráðgjöf og þjónusta við eftirlit með jarðhita-kerfum, rekstri þeirra og nýtingu, tæknilegar og hagrænar athuganir á nýjum nýtingarmöguleikum jarðhita og kennsla og þjálfun í jarðhitafræðum.

Vatnsorkurannsóknir:

- Jarðfræðikortlagning og landmælingar vegna staðfræðikorta.

Hafsbotnsrannsóknir:

- Úrvinnsla og túlkun jarðsveiflumælinga og mat á orkulindum á hafsbotni.

Umhverfisrannsóknir:

- Mat á umhverfisáhrifum vegna orkuframkvæmda og orkuvinnslu, mælingar á umhverfisáhrifum orkuvinnslu og jarðvísindalegar og efnafræðilegar athuganir við umhverfismat og söfnun gagna á óvirkjuðum svæðum.

Aðrar rannsóknir

- Alhliða jarðfræðikortlagning, neysluvatnsrannsóknir, efna- greiningar, jarðeðlisfræðilegar jarðtæknirannsóknir og jarðfræðirannsóknir vegna jarðefnavinnslu.

Þjónustusvið

Þjónustusviðið annast stoðþjónustu við allar rekstrareiningar Orkustofnunar svo sem rekstur húsnæðis, bókhald, starfsmannahald, bókasafn, teiknistofu og skýrsluútgáfu.

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Mikil umskipti hafa orðið í atvinnumálum í landinu á síðustu tveimur árum eða svo. Árið 1995 og fyrri helming ársins 1996 snerist umræða almennt um þann samdrátt sem þá var, framkvæmdaleyfi og atvinnuleysi. Orkustofnun fór ekki varhluta af þeirri umræðu frekar en aðrar stofnanir eða fyrirtæki í landinu. Flestar ráðstafanir sem gera þurfti í daglegum rekstri snerust um hvernig hægt væri að láta enda ná saman án þess að segja upp starfsfólki, og rætt var í stjórn hvort óhjákvæmilegt væri að draga saman í starfsmannahaldi. Til þess kom þó ekki enda er slík ráðstöfun hreint neyðarbrauð fyrir rekstur sem alfar- ið byggir á mannaúði.

Óhætt er að segja að á því rekstrarumhverfi sem Orkustofnun býr við hefur orðið mikil breyting. Vandamál dagsins í dag eru frekar þau hvernig eigi að afgangi verkefni sem fyrir liggja. Mörg verkefni eru í gangi í dag í orkuviðnáðinum. Þó þau séu ekki inni á borðum Orkustofnunar nema að litlu leyti þá kalla þær framkvæmdir, sem í gangi eru, á að horft sé fram á við á fleiri og nýja möguleika í orkumálum landsmanna. Aukin áhersla á umhverfismál kallar enn frekar á að sem flestir kostir í orkuöflun og/eða orkusparnaði séu athugaðir gaumgæfilega.

Fjárveitingar ársins 1997, til reksturs Orkustofnunar og verkkaupa, lækkuðu um 25 m.kr. frá árinu 1996. Ljóst er að fjárveitingar munu eitthvað lækka að raungildi á yfirstandandi ári. Hvernig bregðast á við slíkum samdrætti er umhugsunarefni, sérstaklega ef eftirspurn eftir orku er að aukast. Í þeirri stöðu þarf Orkustofnun aukna fjármuni til verkkaupa. Í dag fer um helmingur af rannsóknakaupafé Orkustofnunar beint til eftirlits og reksturs vatnshæðarmælakerfisins. Það er of hátt hlutfall en verður ekki lagað með frekari niðurskurði á því sviði en orðinn er.

Árið 1997 var fyrsta ár Orkustofnunar þar sem rekstur hennar og vinnufyrirkomulag var samkvæmt nýju skipulagi og reglugerð. Ljóst er að lengri tíma þarf til að próa það skipulag og vinnuumhverfi sem nú er unnið í. Í stuttu máli er rannsóknarhluti Orkustofnunar aðskilinn frá stjórnsýsluhluta hennar. Öll verk, hvort sem er innan stofnunar eða utan hennar, eru unnin samkvæmt verksamningum. Æskileg þróun er að verkkaup út fyrir stofnunina aukist þegar frá líður. Skilyrði fyrir því er að sjálfsögðu að þekking og færni sé fyrir hendi utan stofnunarinnar. Ganga má út frá að ráðgjöf sem Orkustofnun nú veitir aðilum utan stofnunar geti með tímanum flust frá stofnuninni til aðila á samkeppnismarkaði.

Stjórn Orkustofnunar var á árinu skipuð til næstu tveggja ára og er skipan hennar óbreytt. Eyjólfur Árni Rafnsson er formaður stjórnar og meðstjórnarmenn eru Hákon Björnsson og Ófeigur Sigurðsson.




Notkun frumorku á Íslandi 1997 og 1996

Primary Energy Consumption in Iceland in 1997 and 1996, in ktoe and PJ, from Hydro-electricity, Geothermal, Oil Products and Hard Coal, Respectively

Orkutegund	1997 ¹			1996		
	Púsundir tonna að olíuígildi	PJ	%	Púsundir tonna að olíuígildi	PJ	%
Vatnsorkurafmagn	447	18,7	17,6	408	17,1	16,5
Jarðhiti	1223	51,2	48,1	1204	50,4	48,8
Olía, keypt innanl.	647	27,1	25,5	638	26,7	25,8
Olía, keypt erlendis	162	6,8	6,4	158	6,6	6,4
Olía, samtals	810	33,9	31,9	795	33,3	32,2
Kol	62	2,6	2,4	62	2,6	2,5
SAMTALS	2541	106,4	100,0	2470	103,4	100,0

¹ Bráðabirgðatölur

NOTKUN FRUMORKU Á ÍSLANDI Í PJ 1988-1997




Notkun frumorku á Íslandi 1988 – 1997, PJ

Primary Energy Consumption in Iceland 1988 – 1997, in PJ, from Hydro-electricity, Geothermal, Oil Products and Hard Coal, Respectively

Orkutegund	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997 ¹
Vatnsor.rafm.	15,0	15,2	15,0	15,0	15,5	16,1	16,2	16,8	17,1	18,7
Jarðhiti	42,3	43,7	44,2	45,0	42,6	46,4	45,7	48,3	50,4	51,2
Olía, k.inn.l.	22,5	22,4	22,8	22,0	23,8	24,3	24,2	25,1	26,7	27,1
Olía, k.erl.	9,1	7,8	6,5	7,0	6,6	6,6	6,5	5,3	6,6	6,8
Olía, samtals	31,6	30,2	29,3	29,0	30,4	30,9	30,7	30,4	33,3	33,9
Kol	2,7	2,9	2,7	2,8	2,0	2,0	2,9	2,6	2,6	2,6
SAMTALS	91,6	92,0	91,2	91,8	90,5	95,4	95,5	98,1	103,4	106,4

¹ Bráðabirgðatölur

UPPRUNI RAFORKU 1997



Raforkuvinnsla og verg raforkunotkun 1997 og 1996


Generation and Gross Consumption of Electricity 1997 and 1996

	1997		1996	
	GWh	%	GWh	%
Uppruni raforku				
Úr vatnsorku	5203	93,2	4764	93,2
Úr jarðhita	375	6,7	346	6,8
Úr eldsneyti	3	0,1	3	0,1
SAMTALS	5581	100,0	5113	100,0
Tegund raforku				
Fastaorka ¹	4329	77,6	3983	77,9
Ótryggð orka ²	1252	22,4	1130	22,1
SAMTALS	5581	100,0	5113	100,0
Notkun með töpum				
Stóriðja ¹	2959	53,0	2564	50,1
Almenn notkun ¹	2622	47,0	2549	49,9
SAMTALS	5581	100,0	5113	100,0

¹ Flutnings- og dreifitöp meðtalin

² Stóriðja og rafskautskatlar. Flutnings- og dreifitöp meðtalin

NOTKUN RAFORKU, MEÐ TÖPUM 1997



Skipulagsbreytingar

Eins og skýrt var frá í síðustu ársskýrslu urðu verulegar breytingar á skipulagi og rekstri Orkustofnunar í byrjun s.l. árs. Meginmarkmiðið með skipulagsbreytingunum er að aðskilja framkvæmd rannsókna frá opinberu ráðgjafar- og stjórnarsýsluhlutverki stofnunarinnar.

Vitað var að hið nýja fyrirkomulag þyrfti nokkurn aðlögunartíma. Því er ekki unnt að meta árangurinn að fullu að loknu fyrsta starfsári undir nýjum merkjum. Eftirfarandi er þó þegar komið í ljós:

- Rannsóknareiningarnar, Vatnamælingar og Rannsóknasvið, hafa fyllilega axlað þá ábyrgð að starfa á hreinum rekstrarlegum grundvelli án beinna fjárveitinga.
 - Vatnamælingar og Rannsóknasvið eru rekin með tilliti til þess að um samkeppnisrekstur geti verið að ræða. Rekstrarafgangi sem kann að myndast er samkvæmt reglugerð varið til að efla rannsóknarfærni viðkomandi rekstrareininga.
 - Afkoma Vatnamælinga var í samræmi við áætlanir. Velta Rannsóknasviðs var um 10% meiri en áætlað var.
 - Samskipti auðlindadeildar og rannsóknareininganna eru komin á formlegan grundvöll, en auðlindadeildinni ber að semja um framkvæmd þeirra rannsóknarverkefna sem kostuð eru af fjárveitingum.
 - Auðlindadeildin og orkubúskapardeildin, sem til samans mynda Orkumálasvið stofnunarinnar, hafa skilgreint hlutverk sitt sem umbjóðanda stjórnvalda í orkurannsóknum og ráðgjafa þeirra í orkumálum almennt.
 - Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna hefur fengið verðugan sess í skipulaginu, enda um eitt árangursríkasta framlag Íslands til þróunaraðstoðar að ræða.
 - Sameiginleg þjónusta hefur verið skilgreind og verðlögð, þannig að allur samkostnaður skiptist eðlilega á milli rekstrareininganna.
- Hið nýja fyrirkomulag á þó enn eftir að próast:
- Eftir er að finna grunnrannsóknum eðlilegan farveg. Hér er þó mjög horft til þess að nýta megi samstarfs-samning sem gerður var við Háskóla Íslands til þess að skapa fræðilegum rannsóknum eðlilegan sess í starfsemi stofnunarinnar
 - Ekki hafa gefist umtalsverð ný tækifæri til að leita út fyrir stofnunina um rannsóknarsamninga. Samdráttur var í fjárveitingum til slíkra verkkaupa á síðasta ári og heldur sú þróun áfram á árinu 1998. Við þær aðstæður hefur sneiðst um ný verkefni en helst þau gefa tækifæri til að kanna getu einkamarkaðarins.
 - Ætlunin er að Orkumálasvið Orkustofnunar hasli sér aukinn völl í almennum orku- og auðlindamálum og taki í þeim efnum við verkefnum úr ráðuneytinu. Hér hefur enn ekki orðið sú þróun sem að er stefnt. Verði stjórnarfrumvarp um auðlindir í jörðu að lögum fær stofnunin þó ný viðfangsefni svo sem við stjórnarsýslu námamála. Ennfremur er það vilji stofnunarinnar að verða að liði við mótun þeirrar stefnu í raforkumálum sem boðuð er með þingsályktunartillögu orkumálaráðherra.
 - Ríkistjórnin hefur markað stefnu um fyrirkomulag samkeppnisrekstrar. Fullyrða má að hið nýja skipulag Orkustofnunar uppfyllir ákvæði þessarar stefnu. Á hinn bóginn eru nokkur atriði í starfsramma opinberra stofnana þar sem hallar á opinberan samkeppnisrekstur. Helsta atriðið í þessum efnum er meðferð virðisaukaskatts. Þannig virðast gildandi lög ekki tryggja að slíkur rekstur njóti til fulls þess hagræðis að geta dregið innskatt af aðföngum frá útskatti.
 - Fjárhagslegur starfsrammi rannsóknareininganna er ekki enn fullmótaður. Eftir er að yfirfara óbeina kostnaðarliði svo sem vexti af stofnfé rekstrareininganna. Þetta kallar m.a. á mat á þeim tækjabúnaði sem þær hlutu í vöggugjöf.
 - Ofangreindir lausir endar í fjárhagslegum starfsramma stofnunarinnar leiða til þess að frágangur á ársreikningum hennar er ekki enn með þeim hætti sem stefnt er að. Ætlunin er að gera hverja einingu upp aðskilið bæði hvað rekstrar- og efnahagsreikning varðar, þegar mál hafa skýrst.

Í heild verður að telja að skipulagsbreytingarnar hafi, eða stefni í að skila þeim árangri sem að var stefnt. Stjórnendur og starfsmenn hafa lagt sig í framkróka um að svo megi verða. Þetta lýsir sér m.a. í góðri rekstrarafkomu, betri en vænst var í upphafi rekstrarársins.

Ekkert skipulag eða fyrirkomulag er eilíft. En viss festa er líka nauðsynleg til þess að starfsmenn sjái tilgang í því að leggja sig fram. Stöðug óvissa og umrót letur. Stjórnendur og starfsmenn Orkustofnunar munu því keppa að því að láta reyna á núverandi fyrirkomulag og gefa því verðugt tækifæri. Um margt er með þessu fyrirkomulagi verið að feta nýjar brautir í ríkisrekstri þannig að reynslan af því er ekki aðeins mikilvæg fyrir Orkustofnun heldur og fyrir þá sem um æðsta stjórnvöl halda.

Rekstrarafkoma

Ársreikningur stofnunarinnar fyrir árið 1997 er að venju birtur í þessari ársskýrslu. Hann er sýndur fyrir stofnunina í heild, enda þótt sundurliðun eftir einstökum rekstrareiningum væri ekki síður áhugaverður. En eins og þegar hefur verið útskýrt verður slíkt að bíða betri tíma.

Fjárveitingar til stofnunarinnar lækkuðu um 25 m.kr. að raungildi frá árinu á undan. Í ljósi þess svo og þess myndarlega höfuðstóls sem hafði stækkað umfram væntingar á árinu á undan, þótti yfirstjórn stofnunarinnar eðlilegt að taka í áföngum þann samdrátt, sem leiðir af skerðingu fjárveitinga. Því var ákveðið að verja 17,5 m.kr. til kaupa á rannsóknarverkum á árinu umfram það sem fjárveitingar gáfu tilefni til. Þannig var alls stefnt að því að verja 132,7 m.kr. til þessa meginþáttar í starfsemi stofnunarinnar. Í reynd urðu útgjöldin til verkkaupa 134,3 m.kr.

Að auki var ákveðið í ársbyrjun að útteila 18 m.kr. af höfuðstóli, e.k. tannfé, til rekstrareininganna til tækjakaupa og bættis aðbúnaðar eða til aðlögunar við upphaf nýrra starfshátta. Hér var m.a. tekið tillit til þess að endurnýjun tækja hafði verið slegið á frest á árunum á undan. Jafnframt var ljóst að fé þurfti til að brúa óvissutímabil í rekstri vatnshæðarmæla. Að meðtöldu því sem verja átti til verkkaupa var því gert ráð fyrir að ganga um 34,2 m.kr. á höfuðstól þann sem nam í ársbyrjun 54,7 m.kr.

Eins og fram kemur í ársreikningnum urðu gjöld umfram tekjur að upphæð um 11,9 m.kr. Þannig varð afkoman um 22,3 m.kr. betri en gert hafði verið ráð fyrir. Þetta skýrist einkum af þrennu:

- Ekki var öllu stofnfénu til tækjakaupa ráðstafað á árinu. Ónotaðar heimildir Rannsóknasviðs námu í árslok um 5,5 m.kr. sem verða nýttar á þessu ári.
- Rekstarafgangur Rannsóknasviðs varð umtalsverður.
- Jarðhitaskólinn ráðstafaði ekki öllum sínum fjárveitingum á árinu, en aðrar rekstrareiningar en þessar tvær voru nokkurn veginn í járnnum.

Áherslur í orkurannsókn

Eins og þegar hefur komið fram varð samdráttur í fjárveitingum til stofnunarinnar, sem þó var mildaður með því að gengið var á höfuðstól. Þetta þýddi að nýmæli í orkurannsóknarverkefnum fyrir ríkisfé urðu fá. Eftirtalin eru stærstu rannsóknarverkefnin sem unnið var að á árinu:

- Uppbygging tölvugrunns um gagnasöfn orkurannsóknna.
- Rekstur vatnshæðarmæla, mælingar á aurburði, gerð rennislíkana og endurmat á vatnsorku landsins.
- Rannsókn virkjunarstaða í Skagafirði, á Hraunum norðan Vatnajökuls og við Skaftá.
- Rannsókn jarðhita í Torfajökli, forðafræði og lekt bergs, og áhrif niðurdælingar á vinnslugetu háhita og lághitasvæða.

Kjaramál


Stefnubreyting varð á árinu á fyrirkomulagi kjaramála hjá ríkinu. Umtalsvert vald og verkefni var fært til stofnana ríkisins í þessum efnum. Fjármálaráðuneytið annaðist gerð heildarkjarasamninga við einstök stéttarfélag. Þessir samningar innihalda þó aðeins markmið og launatöflur, en öll útfærsla og um leið röðun starfa í launaflokka er verkefni stofnananna að undangengnum samningum milli þeirra og stéttarféлага starfsmanna.

Orkustofnun hefur gert slíka aðlögunarsamninga við stéttarfélag náttúrufræðinga, verkfræðinga og tæknifræðinga og aðrar stéttir munu fljótlega fylgja í kjölfarið. Veruleg breyting verður með þessum samningum og framkvæmd þeirra. Sú er helst að raunveruleg laun eru dregin fram í dagsljósið og um leið fær yfirvinna sitt rétta nafn og merkingu.

Þessi kerfisbreyting er mjög til bóta og er þess vænst að bæði fáist ánægðari starfsmenn, betri starfsandi og aukin virkni í starfi. Þessari hugsun þarf að halda áfram. Á samningstímanum verður tekið upp árangurs- og frammi- stöðumat. En jafnframt þarf strax að fara að huga að fyrirkomulagi við næstu samningalotu. Stíga ætti skrefið til fulls og færa samningsvaldið í enn ríkara mæli til stofnananna. Þá væri æskilegt að unnt yrði að gera allsherjar vinnustaðasamning í stað samninga við einstök stéttarfélag. Aðlögunarsamningar á Orkustofnun eru þó mjög samhljóða, þ.a. þetta ætti að vera auðvelt skref.

Nýr yfirmaður auðlindadeildar

Í kjölfar skipulagsbreytinga í upphafi starfsársins urðu nokkrar breytingar á skipan í æðstu yfirmannsstöður sem skýrt var frá í seinustu ársskýrslu. Þó var ekki gengið frá skipan í deildarstjórastöðu auðlindadeildar á orkumálasviði, en þessi starfseining er burðarás í hinu nýja fyrirkomulagi stofnunarinnar. Deildarstjórastaðan hafði verið auglýst í árslok 1996 en ráðning á grundvelli þeirrar auglýsingar náði ekki fram að ganga. Haukur Tómasson, sem var deildarstjóri vatnsorkudeildar í fyrra skipulagi, féllst á að stýra auðlindadeildinni þar til mál skipuðust á annan veg. Að undangenginni nýrri auglýsingu var Sveinbjörn Björnsson, fyrrv. rektor Háskóla Íslands, ráð-



inn til að gegna deildarstjórstöðunni frá og með 1. janúar 1998.

Umsagnir

Eins og orkulög mæla fyrir um og áréttað er í reglugerð þeirri sem nú er starfsgrundvöllur Orkustofnunar er það eitt mikilvægasta hlutverk stofnunarinnar að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um orkumál. Meðal þess helsta sem gert var í þessum efnum á árinu er:

- Umsögn um tillögu að svæðisskipulagi fyrir miðhálandi Íslands til ársins 2015.
- Umsögn um leyfi til Landsvirkjunar til virkjunar við Sultartanga.
- Umsögn um leyfi til Hitaveitu Reykjavíkur til að reisa og reka raforkuver á Nesjavöllum.
- Álitsgerð til iðnaðarráðuneytisins um tilskipun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 96/92 um raforkumál.

Afmæli

Á árinu voru liðin 30 ár frá setningu orkulaga sem mæltu fyrir um tilvist Orkustofnunar. Þessa var minnst með sérstöku afmælisþingi um „Orkuvinnslu í sátt við umhverfið“. Um þetta mikilvæga mál fjölluðu bæði starfsmenn Orkustofnunar sem og góðir liðsmenn annars staðar úr þjóðlífinu.

Jafnframt voru á árinu liðin 50 ár frá því að skipulegar vatnamælingar hófust á vegum forvera Orkustofnunar, raforkumálastjóraembættisins. Af þessu tilefni var efnt til afmælisfagnaðar á vegum Vatnamælinga Orkustofnunar. Þar voru m.a. heiðraðir nokkrir aldnir menn sem hafa um langt árabíli haft umsjón með vatnshæðarmælum víðs vegar um land.

Orkumálastjóri



Frá afmælisþingi Orkustofnunar í október 1997 undir heitinu „Orkuvinnsla í sátt við umhverfið“. Ljós m. Oddur Sigurðsson.

ANNÁLL ORKUMÁLA 1997

Orkunotkun og orkuvinnsla

- Raforkuvinnsla jókst um 9,2% frá fyrra ári einkum vegna stækkunar álvorsins í Straumsvík. Sala raforku til stóriðju jókst um 15,2% en um 2,6% til almennings. Samtals nam raforkuvinnslan 5581 GWh/a.
- Hluttur vatnsorku í heildarorkunotkun landsmanna var 17,6%.
- Vinnsla jarðhita jókst aðeins um 1,6% og er þá hlutdeild jarðhitans í heildarorkunotkuninni komin rétt undir helming eða í 48%.
- Hluttur innfluttrar orku (jarðefnaeldsneytis) í heildarþúskapnum nam 32% og hafði þá minnkað úr 33% vegna aukinnar raforkuframléiðslu og -notkunar.
- Heildarvinnsla á orku og notkun á innfluttri orku nam 106,4 PJ á árinu 1997 á móti 103,4 PJ árið á undan.
- Enn á ný jókst heildarorkunotkun landsmanna meira en fólksfjöldinn. Þannig jókst orkunotkun á mann um 3,2% á milli ára, sem er fyrst og fremst vegna enn aukins vægis stóriðju í atvinnustarfseminni.
- Meðalorkunotkun hvers Íslendinga er sexföld meðalnotkun annarra jarðarbúa, en á móti kemur að við vinnum tvo þriðju af okkar orku úr endurnýjanlegum orkulindum en hlutfall slíkra orkulinda í orkubúskapi heimsins er aðeins 10%.

Verðlag á orku


- Gjaldskrá Landsvirkjunar hækkaði um 3,2% hinn 1. apríl. Í kjölfarið hækkaði rafmagnsverð stærstu dreifiveitnanna um 1,6%–3,2%.
- Rafmagn í vísitölu neysliverðs hækkaði frá ársbyrjun til ársloka um 2,3%, sem var rétt rúmlega meðalverðlagshækkun.
- Verð á áli hækkaði á árinu og í samræmi við samninga hækkaði því verð á rafmagni til Ísal að jafnaði um 9% milli fyrsta og síðasta fjórðungs ársins.
- Verðlag á heitu vatni stóð í stað hjá velflestum landsmönnum. Gjaldskrár Hitaveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja voru óbreyttar en Hitaveita Akureyrar lækkaði sitt verð um 1,8% í ársbyrjun. Á mælikvarða vísitölu neysliverðs stóð húshitunarkostnaður í stað á árinu.
- Smásöluverð á flestum tegundum eldsneytis lækkaði á árinu, dieselolía á bíla um 9% og gasolía til skípa um 12%, en bensín stóð í stað og svartolía

hækkaði lítillega. Vegna verðsveiflna innan viðmiðunaráranna var þó meðalverð á eldsneyti um 3–5% hærra 1997 en árið á undan.

Helstu framkvæmdir í orkumálum

Landsvirkjun

- Lokið var við að skipta um vatnshjól í fjórum af sex vélum í Búrfellsvirkjun í september.
- Seinni vélasamstæðan í Kröfluvirkjun var tengd um haustið og er ástimplað afl virkjunarinnar nú 60 MW. Fjórar nýjar vinnsluholur voru boraðar með Jötni og er ein þeirra sérlega aflmikil.
- Lokið var 5. áfanga Kvíslaveitu í nóvember. Byrjað var á Hágöngumiðlun.
- Vinna við Sultartangavirkjun hófst og verður hún 120 MW að aflí.
- Undirbúningur var hafin við 400 kV háspennulínu frá Sultartanga að Búrfelli og áfram að Lyklafelli á Sand-skeiði.
- Háspennukerfið á Suðvesturlandi var styrkt með samsíðapéttum í aðveitustöðvunum á Geithálsi og í Hamranesi, eflum tengivirkjum við Búrfell og stækk-uðum tengivirkjum á Brennimeil í Borgarfirði.



Vinnsla, inn- og útflutningur á raforku á Norðurlöndunum árið 1996. Heimild: Ársskýrsla Nordel 1996.

Rafmagnsveitur ríkisins

- Haldið var áfram að styrkja innanbæjarkerfi og sveitakerfi.
- Ný yfirfallsloka var sett í flóðgátt í Fljótaá við Skeiðs-fossvirkjun.
- Nýr 5,8 MW olíuketill settur upp í kyndistöðinni á Höfn í Hornafirði.
- Vinnsluhola í landi Hofstaða í nágrenni Stykkis-hólms var prófuð með djúpdælu.

Rafmagnsveita Reykjavíkur

- Nýtt stjórnkerfi fyrir aðveitu- og dreifikerfi var tengt með fjarskiptasambandi við 3 af 11 aðveitustöðvum.
- Lokið var að mestu að skrá upplýsingar í landupplýs-ingakerfi.
- Haldið var áfram að undirbúa lagningu Nesjavalla-línu sem er 132 kV og gert á henni umhverfismat.

Orkubú Vestfjarða

- Haldið var áfram forhönnun á Mjólka III.
- Safnað var saman upplýsingum til kortagerðar á tölvutæku formi á vatnasvæði Þverárvirkjunar.
- 66 kV línan frá Mjólka í Breiðadal var styrkt með 2 stálmöstrum þar sem hún þverar Dýrafjörð og hafin endurnýjum á 33 kV línu frá Geiradal í Þverárvirkjun.
- Lokið var við að tengja allar innlagnir í Holtahverfinu fyrir botni Skutulsfjarðar og lögð tvöföld lagn frá Holtahverfinu að sorpbrennslustöðinni Funa og komið fyrir dælubúnaði og varmaskipti.
- Nokkrar hitaleitarholur voru boraðar á leiðinni frá Hnífsdal til Bolungarvíkur og í Tungudal í nágrenni Ísafjarðar.

Hitaveita Reykjavíkur

- Hafin var bygging raforkuvers á Nesjavöllum með tveimur 30 MW eimsvalahverflum frá Mitsubishi Corporation Ltd.
- Endurnýjun Reykjaæðar sem lögð var árið 1943.
- Tvær djúpar hitaleitarholur voru boraðar: Önnur 1000 metra djúp í nágrenni við Skyggni en hin 800 metra djúp í landi Leirvogstungu við brúna yfir Köldukvísl.
- Einnig var boruð grunn en víð hola sunnan Perlunnar í Öskjuhlíð vegna eftirlíkingar á goshver.

Hitaveita Suðurnesja

- Lokið var við hús í Svartsengi fyrir móttöku og kynningar annars vegar og mótuneyti hins vegar.
- Hafinn var undirbúningur fyrir orkuver nr. 5 sem mun leysa af hólmi orkuver nr. 1. Í gamla orkuverinu eru tveir 1 MW rafmagnshverflar en nýja orkuverið verður með 30 MW rafmagnshverfli. Auk þess verður hægt að afla 240 l/sek af heitu vatni sem er 60% aukning.
- Haldið var áfram að leggja jarðstrengi til þess að leysa af hólmi 33 kV loftlínu.
- Langt var komið að endurnýja allt aðveitukerfi veituvæðisins.

Aðrar framkvæmdir

- Hita- og vatnsveita Akureyrar hóf tilraun með niðurdælingu bakrásarvatns á lágghitasvæðinu að Laugalandi í Eyjafirði í þeim tilgagni að auka orku þess og afl. Verkefnið, sem hlaut ríflegan 50 m.kr. styrk úr rannsóknarsjóðum Evrópusambandsins, er samstarfsverkefni með Orkustofnun, Háskólanum í Uppsölum, Rarik og Hocheim Danmark as.
- Fyrir Orkuveitu Húsavíkur var boruð ný vinnsluhola á Hveravöllum í Reykjahverfi og gefur hún gnótt af yfir 120°C heitu vatni í sjálfrennsli.

Orkufrekur iðnaður

- Um vorið voru samþykkt heimildarlög um álbræðslu Norðuráls á Grundartanga. Framkvæmdir við álverið hófust um vorið. Jafnframt hófust framkvæmdir við stækkun Grundartangahafnar.
- Á vorþingi voru samþykktar breytingar á lögum um járnblendiverksmiðju á Grundartanga, sem heimiluðu ríkinu að selja norska fyrirtækinu Elkem hlut þess í verksmiðjunni þannig að fyrirtækið eignaðist meirihluta. Samhliða er ráðgert að auka afköst verksmiðjunnar um a.m.k. 60%, fyrst með því að bæta við þriðja ofninum.
- Á miðju ári var tekinn í notkun þriðji kerskáli í álveri Ísal í Straumsvík sem eykur afköstun um 60%. Starfsmönnum var fjölgað um 90 af þessum sökum.
- Iðnaðarráðuneytið, Landsvirkjun og MIL áttu viðræður við norska fyrirtækið Hydro Aluminium um aðild að stórtækri uppbyggingu áliðnaðar á Íslandi og hugsanlega þátttöku fyrirtækisins í virkjunum í því sambandi.
- Íslenska magnesíumfélagið hélt áfram undirbúningi magnesíumverksmiðju á Reykjanesi með 50 þús. tonna ársafköstum. Verksmiðjan er nánast fullhönnuð. Unnið er að því að fá erlenda fjárfesta að málinu. Viðamikíð mat á umhverfisáhrifum fór fram og sótt var um starfsleyfi fyrir verksmiðjuna.

- Önnur helstu stóriðjuverkefni, sem MIL vann að á árinu, varða stálverksmiðju, slípiefnavinnslu, polyólfamleiðslu og verksmiðju til að framleiða iðnaðarspíra.
- Jafnframt var unnið að staðarvalsathugunum í Reyðarfirði, Eyjafirði, Þorlákshöfn, Suðurnesjum og víðar.

Stefnumótun stjórnvalda

- Iðnaðar- og viðskiptaráðherra lagði á haustþingi fram þingsályktunartillögu um framtíðarskipan raforkumála. Markmiðið er að skapa skilyrði til aukinnar samkeppni í vinnslu og sölu raforku.
- Haldið var áfram könnun á hugmyndum um lagningu sæstrengs til útlanda. Sérstök nefnd var ráðherra til ráðgjafar í þeim efnum.
- Lagt var fram stjórnarfrumvarp um þjóðlendur. Meðgætt þess er að íslenska ríkið verði eigandi lands og hvers konar landsréttinda í þjóðlendum, þ.e.a.s. landsvæðum utan eignarlanda.
- Íslensk stjórnvöld tóku þátt í þingi aðildarríkja rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar í Kjótó. Samkvæmt bókun þingsins er Íslendingum gert að losun þeirra á gróðurhúsalofttegundum á árunum 2008–2012 verði ekki meiri en 110% af því sem hún var árið 1990. Sérstakt tillit skal taka til þess þegar einstök iðjuver valda hlutfallslega mikilli aukningu á losun. Eru bundnar vonir við að þetta ákvæði geri Íslendingum kleift að staðfesta bókunina.
- Lagt var fram stjórnarfrumvarp um eignarhald og nýtingu auðlinda í jörðu. Er þar kveðið á um að eignarlandi fylgi eignarréttur á auðlindum í jörðu, þ.e.a.s. jarðefnum, jarðhita og grunnvatni.
- Ákvæðum í orkulögum um Orkusjóð var breytt á þann veg að heimilt er að veita styrki til yfirlitsathugana til að auka hlutdeild innlendra orkulinda í orkubúskap þjóðarinnar, til verkefna á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, til frumgerðar tækja og búnaðar og til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis.
- Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands lagði fram tillögu að svæðisskipulagi 2015. Iðnaðarráðuneytið, Orkustofnun og Landsvirkjun gerðu athugasemdir við tillöguna þar sem lagt er til að staðfestingu tillögunnar verði frestað en kapp lagt á stefnumörkun stjórnvalda um orkuvinnslu og náttúruvernd.

REIKNINGAR ORKUSTOFNUNAR 1997

Rekstrarreikningur

	1997	1996
	Pús.kr.	Pús.kr.
Rekstrartekjur		
Fjárveiting til Orkustofnunar	189.593	205.292
Sértekjur:		
Framlög til Jarðhitaskóla Háskóla S.p.	44.640	47.901
Sérverkefni fyrir iðnaðarráðuneytið	2.000	2.000
Seld þjónusta önnur	189.661	160.006
Ýmsar tekjur	5.652	2.933
REKSTRARTEKJUR ALLS	431.546	418.132

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	259.669	235.562
Annar rekstrarkostnaður	152.676	132.019
Stofnkostnaður	31.137	15.605
REKSTRARGJÖLD SAMTALS	443.482	383.186

Gjöld umfram tekjur	11.936*)	
Tekjur umfram gjöld		34.946
Gjöld umfram tekjur sem % af gjöldum	2,69%	
Tekjur umfram gjöld sem % af tekjum .		8,36%

Efnahagsreikningur

	pús.kr.	pús.kr.
Eignir		
Bankareikningar	16.883	20.181
Skammtímakröfur	71.180	58.875
EIGNIR ALLS	88.063	79.056


Skuldir

Skammtímaskuldir	45.288	24.345
SKULDIR ALLS	45.288	24.345


Eigið fé

Höfuðstóll	42.775	54.711
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	88.063	79.056


REKSTRARTEKJUR 1996




REKSTRARTEKJUR 1997



REKSTRARGJÖLD 1996



REKSTRARGJÖLD 1997



*) Í fjárhagsáætlun Orkustofnunar fyrir árið var gert ráð fyrir að ganga á höfuðstól frá fyrra ári um samtals 32,4 m.kr. Af þessu fé skyldi 17,5 m.kr varið til rannsókna samkvæmt verksamningum og 16,7 m.kr til sérstakra tækjakaupa auk breytinga á húsnæði stofnunarinnar. Samkvæmt þessum ársreikningi reyndist ekki þörf á að nýta þessa heimild nema að þriðjungi til. Afkoman varð því 22,3 m.kr betri en ráð hafði verið fyrir gert.

Auðlindadeild skilgreinir rannsóknarverk sem unnin eru fyrir fé á fjárlögum og semur um framkvæmd þeirra við rannsóknargeira stofnunarinnar eða aðrar stofnanir og fyrirtæki. Þetta nýja verklag hefur verið að mótast nú á fyrsta starfsári. Deildin hefur umsjón með framvindu verkanna og tekur þátt í túlkun niðurstaðna sem nýttar eru í ráðgjöf deildarinnar til stjórnvalda og fyrirtækja. Í sumum tilvikum taka sérfræðingar deildarinnar einnig beinan þátt í verkefnum. Einnig er nokkuð um það að leitað sé til sérfræðinga deildarinnar vegna verkefna á vegum annarra deilda, einkum verkefna sem þessir sérfræðingar unnu við áður en hið nýja skipulag gekk í garð. Starfsmenn deildarinnar stýrðu undirbúningi afmælisráðstefnu Orkustofnunar undir heitinu „Orkuvinnsla í sátt við umhverfið“ og fluttu þar erindi.

Starfsmenn deildarinnar sinna margvíslegu alþjóðastarfi í orkumálum, með setu fyrir Íslands hönd í stjórnnum samtaka og sjóða og sem ráðgjafar á alþjóðavettvangi, m.a. í rannsóknaráætlunum ESB.

Starfsmenn auðlindadeildar eru orkumálastjóra til ráðu-

neytis um þær umsagnir sem embættinu ber að veita. Deildin veitir umsagnir um málefni sem snerta náttúruvernd og skipulagsmál og hefur umsjón með rannsóknum á áhrifum virkjana á umhverfi og ferðamennsku.

Yfirlit yfir helstu viðfangsefni á sviði orkurannsókna, sem greidd eru af fjárveitingum árið 1997, fylgir hér á eftir.

Gagnasöfn

Undir yfirumsjón auðlindadeildar er unnið að því markmiði að öll mikilvæg rannsóknargögn Orkustofnunar verði tiltæk í tölvugrunni. Mest eru þar notuð gagnasafnskerfin Oracle og ArcInfo eftir því sem best hentar eðli gagnanna. Í safninu verða gögn um orkubúskap landsmanna og öll gögn á sviði jarðeðlisfræði, jarðefnafræði, forðafræði, borholumælinga, vatnamælinga, jöklamælinga og veðurfræði, og afrennsliskort, landmælingar, landfræðikort og jarðfræðikort. Grunnur að flestum gögnum um jarðhita er heildarskrá um borholur, staðsetningu þeirra, hönnun og sögu. Vinna við gagnasöfnin er mislangt á



Horft yfir austurhluta Hrauna sem eru á virkjunarsvæði svonefndrar Hraunavirkjunar. Gerð hefur verið heildarkönnun á náttúrufari svæðisins. Í forgrunni er Hellukvísl (t.v.), Polladæld, Ytri-Sauðá og Sauðárleirur (t.h.). Í bakgrunni eru Hamarsdalur (t.v.), Hamarsvatn, Þrándarjökull, Geithellnadalur, Norðurhnúta og Hofsjökull. Ljós. Oddur Sigurðsson.

veg komin og innfærsla eldri gagna á nokkur ár í land. Á sumum sviðum eru nær öll eldri gögn þegar tiltæk í grunninum. Á öðrum sviðum eru gögnin til á stafrænu formi en ekki komin á það form sem að er stefnt. Í þriðja lagi eru gögn sem eftir er að breyta á stafrænt form.

Einnig þarf að hugleiða hvernig aðgangi að þessum gagnagrunni verður háttáð, hver á gögnin og hver hefur heimild til að nýta þau, hverjir hlutar safnsins verða öllum opnir án endurgjalds og hverjir gegn greiðslu fyrir afnot.

Vatnsorka

Auðlindadeild átti þátt í endurskoðun á rekstri vatnshæð-armælakerfis Vatnamælinga Orkustofnunar, sem m.a. fólst í að greina eðlilega verkaskiptingu milli Orkustofnunar, orkufyrirtækja og annarra sem nýta rennislisgögn. Niðurstaðan varð nokkur niðurskurður á kerfinu, þrátt fyrir verulega tilfærslu til annarra, einkum Landsvirkjunar.

Unnið er kerfisbundið að því að yfirfara aurburðarmælingar, m.a. til að endurskipuleggja sýnatöku. Lokið var við skýrslu um Skjálfandaflijtót og byrjað á skýrslu um Hvítá í Borgarfirði.


Haldið var áfram að gera rennislíkön af ám á Íslandi. Unnið var að líkönum af A- og V-Jökulsá í Skagafirði. Einnig var unnið að líkani af Norðurá í Borgarfirði innan þessa verkefnis. Vatnamælingar hafa hafið endurskoðun á almennu afrennisliskorti og undirbúa endurmat á vatnsorku landsins.

Mæld var afkoma Hofsjökuls og Þrándarjökuls eins og mörg undanfarandi ár (Hofsjökull í tíunda sinn en Þrándarjökull síðan 1991). Gengið var frá úttekt á mælingum á jökulsporðum á öllu landinu og kemur grein um það í næsta hefti Jökuls.

Í samvinnu við Líffræðistofnun Háskólans tekur Orkustofnun þátt í verkefnum um rannsóknir á lífríki jökuláa, sem styrkt er af ESB, og um straumvötn almennt, sem styrkt er af Rannís.

Samið var við Rannsóknasvið OS um landmælingar, jarðfræði- og grunnvatnsrannsóknir virkjunarstaða. Nánari lýsingu á þeim verkþáttum er að finna í skýrslu Rannsóknasviðs. Mest var unnið á virkjunarstöðum í Skagafirði, við Skjálfandaflijtót, á vatnasviði norðan Vatnajökuls, allt frá Jökulsá á Fjöllum að virkjunar- og veitusvæði á Hraunum, og við Skaftá vegna veitu Skaftár um Langasjó og Lónakvísl til Tungnaár.

Orkustofnun styrkti tölvutekt gróðurkorta á virkjunarsvæði A-Jökulsár í Skagafirði á vegum Náttúrufræðistofnunar og gerðar voru athuganir á gróðurfari við Haugakvísl vegna veitu V-Jökulsár til Blöndu. Unnið var að undirbúningi staðfræðikortagerðar við Skjálfandaflijtót vegna mynsturáætlunar um virkjun árinna. Út kom skýrsla um helstu umhverfisáhrif Hraunavirkjunar, byggð á athugunum Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað fyrir Orkustofnun. Mynsturáætlun fyrir virkjun Skaftár var undirbúin með viðbótum við staðfræðikort á miðhluta vatnasvæðisins.



Hverinn „Gjósandi“ á Hveravöllum á Kili. Ljós. Sigurður Sveinn Jónsson.

Jarðhiti

Í tengslum við fjárlagatillögur fyrir árið 1998 voru skilgreind ný verkefni um samrekstur orkugjafa við raforkuvinnslu, samnýtingu orkugjafa hjá hitaveitum, jarðhita í iðnaði, umhverfi og orkunýtingu. Byrjað var á athugunum á samrekstri orkugjafa við raforkuvinnslu í samvinnu við Landsvirkjun en unnið er að fjármögnun hinna verkefna. Unnið er að bók fyrir almenning um jarðhitann á Íslandi og nýtingu hans.

Flest rannsóknarverk sem deildin skilgreindi fyrir ríkisé eða átti hlut að í samvinnu við orkufyrirtæki voru unnin af Rannsóknasviði OS samkvæmt verksamningi. Lýsingu á þeim er að finna í skýrslu Rannsóknasviðs. Umfangsmestu verkefni snerust um uppbyggingu gagnagrunns um niðurstöður jarðhitarannsóknna, umhverfisáhrif jarðhitanytingar, eiginleika bergs í jarðhitakerfum (forðafraeðistuðla) og áhrif niðurdælingar vatns í jarðhitakerfi á vinnslugetu og vinnslutilhögun þeirra. Rannsóknir fóru fram á Torfajökulssvæði með raforkuvinnslu í huga. Mörg þessara verkefna eru unnin í samvinnu við erlendar rannsóknarstofnanir og sum með styrk frá ESB og Rannís.

Landgrunn Íslands

Mörg undanfarin ár hefur verið veitt sérstöku framlagi á fjárlögum til hafsbotsrannsóknna sem varið er til að afla og viðhalda yfirsýn yfir þekkingu á landgrunni Íslands. Auðlindadeild hefur samið við Rannsóknasvið OS um þessa vinnu.

Helstu verkefni á sviði orkubúskapar eru:

- Að safna gögnum um vinnslu og notkun orku, um innflutning orkugjafa og að gefa út skýrslur um það efni.
- Að fylgjast með þróun orkuverðs og gjaldskrár orkuveitna.
- Að veita innlendum og erlendum aðilum upplýsingar um orkumál.
- Að vinna að áætlunum til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og gefa út orkuspár.
- Að stuðla að aukinni hagkvæmni í orkunýtingu.

Gagnasöfnun – upplýsingamiðlun

Safnað er gögnum um ýmsa þætti orkumála, svo sem um vinnslu, innflutning, notkun og verð á orku og um vissa þætti í rekstri orkumannvirkja. Mest af þessum gögnum er skráð í gagnagrunn Orkustofnunar og síðan notað til upplýsingamiðlunar eða frekari úrvinnslu. Þessi starfsemi var með svipuðum hætti og undanfarin ár.

Reglulega eru upplýsingar um orkunotkun og orkuvinnslu sendar ýmsum fjölþjóðlegum samtökum, svo sem NORDEL, Sameinuðu þjóðunum (UN), Alþjóðlegu orkustofnuninni (IEA) og Alþjóða orkuráðinu (WEC). Af innlendum aðilum sem fá reglulega upplýsingar frá deildinni má nefna Samorku, en á aðalfundi samtakanna er lögð fram samantekt á tölulegum upplýsingum um orkumál liðins árs. Ennfremur er sinnt margvíslegum óskum frá innlendum og erlendum aðilum um upplýsingar um orkumál.


Á deildinni fer fram skráning upplýsinga um ný borverk í gagnagrunn Orkustofnunar.

Unnið var að lokafrágangi ritsins Orkumál 1994, sem hefur að geyma tölulegar upplýsingar um orkumál hér á landi. Orkumál komu út reglulega á árunum 1959–1985, en síðan þá hefur útgáfan legið niðri. Með útgáfu ritsins fyrir 1994 er þráðurinn tekinn upp aftur og er áformað að brúa þau bil sem orðið hafa í útgáfunni við fyrstu hentugleika. Síðan er þess vænst að ritróðin haldist óslitin.

Undirbúningur hófst að miðlun upplýsinga á vefnum og munu orkuspár, Orkumál og annað skylt efni verða aðgengilegt frá heimasíðu Orkustofnunar.

Orkuspár


Meginverkefnið á þessu sviði var vinna fyrir Orkuspárnefnd. Að nefndinni standa Hagstofa Íslands, Hitaveita Reykjavíkur, Húsnæðisstofnun ríkisins, Landsvirkjun, Orkustofnun, Rafmagnsveita Reykjavíkur, Rafmagnsveitur ríkisins, Samorka og Þjóðhagsstofnun. Á vegum Orkuspárnefndar starfa þrjár vinnuhópar: Raforkuhópur, jarðvarmahópur og eldsneytishópur. Hóparnir annast undir-




Spá um heildarnotkun raforku hér á landi fram til 2025 ásamt rauntölum árunum 1985–1996. Aðeins er tekið tillit til samninga um raforkusölu til stóriðju sem þegar hafa verið gerðir.

búning orkuspáa hver á sínu sviði, en nefndin skilgreinir grunnforsendur sem ganga inn í spáarnar, leggur meginlínur varðandi vinnu hópanna og samræmir hana. Hóparnir hafa fengið fjölmarga aðila til að koma á fundi sína og veita upplýsingar um ýmsa þætti er tengjast gerð spáanna.

Á árinu var gefin út skýrsla um almennar forsendur orkuspáa, en þar er fjallað um þær grunnforsendur sem eru sameiginlegar fyrir orkuspár um einstaka orkugjafa. Einnig kom út ný raforkuspá fyrir tímabilið 1997–2025. Samkvæmt henni mun heildarvinnsla raforku aukast um 56% frá 1996 fram til 2005 og um 83% fram til 2025, en aðeins eru teknir með þeir samningar um raforkusölu til stóriðjufyrirtækja sem þegar hafa verið gerðir. Spáð er að aukning í almennri notkun forgangsortku verði nálægt 2% á ári. Vinna við nýja jarðvarmaspá lá að mestu leyti niðri á árinu, en áformað er að hefja hana að nýju fljótlega.



Spá um almenna raforkunotkun hér á landi fram til 2025 ásamt rauntölum árunum 1985–1996.



Skipting íbúafjölda hvers landshluta eftir umfangi jarðhitanytingar til húshitunar.

Önnur verkefni

Orkustofnun tók þátt í starfshópi um rekstrartruflanir í raforkukerfinu eins og undanfarin ár. Markmiðið með þessu starfi er að auðvelda áætlanagerð um uppbyggingu og rekstur raforkukerfisins og einnig mat á áhrifum raforkuskerðingar. Hlutverk Orkustofnunar er fyrst og fremst að taka saman og gefa út skýrslu um rekstrartruflanir í raforkukerfinu fyrir allt landið.

Af öðrum verkefnum má nefna könnun á orkukostnaði notenda smærri hitaveitna fyrir starfshóp á vegum iðnaðarráðherra, þátttöku í sögunefnd Samorku og kennslu við Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.



Loft og vatn frussast upp úr sundurteknum borstreng á holu KJ-30 í Suðurhlíðum Kröflu. Verkið er liður í stækkun virkjunarinnar í 60 MW. Ljós. Sigurður Sveinn Jónsson.

Jarðhitaskólinn var settur í nítjándan sinn 28. apríl 1997. Nemendur voru sextán og komu frá El Salvador (3), Eþíópíu (1), Filipseyjum (1), Íran (2), Kenýa (1), Kína (2), Pakístan (2), Túnis (2) og Víetnam (2). Fimmtán nemendanna voru á vegum Háskóla Sameinuðu þjóðanna og íslenska ríkisins, en einn (frá Eþíópíu) á vegum Alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar. Þetta var í fyrsta sinn sem nemendur koma frá Túnis. Nemendurnir skiptust á námsbrautir sem hér segir: Efnafræði 5, verkfræði 3, jarðeðlisfræði 3, borholujarðfræði 2, borverkfræði 1, umhverfisfræði 1 og tölvukerfisfræði 1.

Á nítján ára starfsferli skólans hafa 197 nemendur frá 34 löndum lokið sex mánaða námi við skólann. Þar af hafa verið 23 konur (12%). Nemendurnir hafa skipst á heimsálfur sem hér segir: Asía 92 (47%), Afríka 50 (25%), Rómanska Ameríka 31 (16%) og Evrópa 24 (12%). Auk þess hafa yfir sextíu manns komið í styttri heimsóknir og námsdvalir (2 vikur til 3 mánuði) á vegum skólans.

Kennslan var einkum í höndum sérfræðinga Rannsóknasviðs Orkustofnunar, en einnig komu þar að sérfræðingar frá Háskóla Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, verkfræðistofum og hitaveitum. Árlegur gestafyrirlesari Jarðhitaskólans var dr. Toshihiro Uchida, jarðeðlisfræðingur við Jarðfræðistofnun Japan. Hann flutti sex fyrirlestra um jarðhitarannsóknir og fjölþætta jarðhitanytingu í Japan sem voru mjög vel sóttir.

Á árinu var farið á vegum skólans til El Salvador, Eþíópíu, Kenýa, Kína, Rúmeníu og Tyrklands til að velja nemendur og heimsækja jarðhitastofnanir. Forstöðumaður Jarðhitaskólans flutti erindi á alþjóðlegri jarðhitaráðstefnu í Sendai í Japan í mars, á ráðstefnu um umhverfisáhrif jarðhita í Ankara í Tyrklandi í maí, á ársfundi Jarðhitasambands Bandaríkjanna í San Francisco í október og á ráðstefnu Evrópusambandsins um endurnýjanlegar orkulindir í Linz í Austurríki í desember. Hann tók einnig þátt í stjórnarfundum Alþjóðajarðhitasambandsins í Rúmeníu í apríl og í Kaliforníu í október. Hann var kjörinn forseti Alþjóða jarðhitasambandsins (IGA) í nóvember 1995 til þriggja ára.

Jarðhitaskólinn er rekinn samkvæmt samningi milli Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókýó og Orkustofnunar f.h. íslenska ríkisins. Fjárframlög til Jarðhitaskólans árið 1997 komu frá íslenska ríkinu (83%), Háskóla Sameinuðu þjóðanna (15%), og Alþjóða kjarnorkumálastofnuninni (2%).

Aðalstöðvar Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSþ) eru í Tókýó í Japan. Mestöll kennsla á vegum skólans fer fram í tengdastofnunum víða um heim. Jarðhitaskólinn sér um öll mál sem snerta jarðhita á vegum HSþ og Orkustofnunar hefur fram til þessa verið eina tengdastofnun hans á Íslandi.

Rektor HSþ óskaði eftir því vorið 1995 að kannaðir yrðu möguleikar á að stofna Sjávarútvegsskóla HSþ á Íslandi með svipuðu fyrirkomulagi og Jarðhitaskólinn. Ríkisstjórnin lét slíka könnun fara fram. Samningur um stofnun Sjávarútvegsskóla HSþ var undirritaður í Reykjavík 3. júní af Halldóri Ásgrímssyni, utanríkisráðherra, og prófessor Heitor Gurgulino de Souza, rektor HSþ. Sjávarútvegsskólinn mun taka til starfa árið 1998 og verður til húsa hjá Hafrannsóknastofnun. Rektor HSþ heimsótti Jarðhitaskólann og þakkaði fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf, en nýr rektor HSþ tók til starfa í september 1997. Vararektor HSþ, dr. Abraham Besrat, heimsótti Jarðhitaskólann einnig á árinu.

Af öðrum merktum erlendum gestum sem komu til Íslands á vegum Jarðhitaskólans má nefna þingmannanefnd frá lwate fylki í Japan, sem kom í maí til að kynna sér jarðhitamálefni á Íslandi. Í fylkinu er töluverð raforkuframleiðsla með jarðgufu en nánast engin bein nýting jarðhita. Þingmannanefndin fór til Danmerkur að kynna sér vindmyllur og Þýskalands að kynna sér sólarorkurannsóknir. Í september kom Abdelaziz Mabrouk, aðstoðarlandbúnaðarráðherra Túnis, í kynnisferð, en í Túnis er nýlega farið að nota heitt vatn til gróðurhúsaræktunar í stórum stíl. Hachio Iwasaki, stjórnarformaður orku- og iðnaðarrannsóknastofnunar Japan (NEDO), kom í nóvember að kynna sér jarðhitanytingu á Íslandi. Hann átti fundi með fjölmörgum aðilum á Íslandi og skýrði m.a. frá rannsóknum Japana á notkun vetnisnúinna aflvéla í bílum og skipum.



Rektor Háskóla Sameinuðu Þjóðanna, Prófessor Heitor Gurgulino de Souza, heimsótti Jarðhitaskólann í júní 1997. Í sömu heimsókn undirrituðu hann og Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra samning um stofnun Sjávarútvegsskóla HSþ á Íslandi. Ljós. Ingvar Birgir Friðleifsson.

Nemendur Jarðhitaskólans 1997 í Bláa lóninu.

Aftari röð frá vinstri: Bayazid Azizi (Íran), Du Shaoping (Tíbet), José Luiz Henriques (El Salvador), Mondher Said (Túnis), Carlos Los Banos (Filipseyjar), Mouldi Ben Mohamed (Túnis), Kibret Beyene (Eþíópíu) Amir Tamjidi (Íran), Bi Erping (Kína). Neðri röð: Ricardo Ventura (El Salvador), Benjamin Kubo (Kenýa), Ton That Tan (Víetnam), Imtiaz Ali (Pakistan), Marbin Martinez (El Salvador), Ha Ngoc Hung (Víetnam), Sikander Bakht Malik (Pakistan). Ljós. Ingvar Birgir Friðleifsson.



RÍKISVERK

unnin samkvæmt verksamningi við auðlindadeild og kostuð af fjárveitingum.

Jarðfræðikortlagning

Kortlagning vegna einstakra virkjunarsvæða var í lágmarki á árinu. Þó var unnið við berggrunnskortlagningu á virkjunarsvæðum Jökulsáanna í Skagafirði. Lokið var við berggrunnskort af innanverðum Skagafjarðardölum vegna hugmynda um virkjanir í Austari-Jökulsá. Unnið var við að kortleggja berggrunn á fyrirhuguðum mannvirkjastöðum á hugsanlegri veituleið Vestari-Jökulsár til vatnasviðs Blöndu. Á árinu var einnig lokið við úrvinnslu nokkurra verka frá fyrra ári, svo sem kortlagningar berggrunns vegna Hraunavirkjunar, virkjunar Jökulsár á Fjöllum og Skaftárveitu.

Hafin var samræming og tölvutekt á eldri jarðfræðikortum, sem unnin hafa verið af starfsmönnum Orkustofnunar og fleirum af virkjunarsvæði Jökulsár á Dal og Jökulsár á Fjöllum. Það verk er langt komið og stefnt að lokum þess árið 1998. Einnig var hafin tölvutekt og endurskoðun á tuttugu ára gömlum jarðgrunnskortum af Hofsafreitt, en því verki er ekki lokið.

Landupplýsingakerfi Orkustofnunar

Haldið var áfram að koma inn í upplýsingakerfið ýmsum gögnum sem varða orkumál. Gömul jarðfræðikort voru skönnuð og vigrúð eða hnitúð eftir því sem við átti. Byggt hefur verið upp upplýsingakerfi um jarðfræði sem nýtast mun með ýmsu móti við stöðugt vaxandi gagnasafn. Smám saman fjölga stafrænum grunnkortum í gagnasafni OS. Verið er að koma upp búnaði til að auðvelda aðgang að þeim og öðrum stafrænum kortum.

Landmælingar

Samin var skýrsla um landmælingar við Skjálfandaflljót svo að nú er hægt að kortleggja um 1500 ferkílómetra svæði milli Íshólsvatns og Vonarskarðs. Kortin verða á tölvutæku formi með 5 m hæðarlínubili og með viðmiðun ISN93, sem tekur við af Hjörseyjarviðmiðun frá 1955. Keiluhnit Lamberts (með miðbauga 65°N og 19°V og skurðbauga 64°15'N og 65°45'N) verða notuð við kortagerðina. Blaðskipting kortanna verður ákveðin í samráði við Landmælingar Íslands.

Grunnvatnsrannsóknir

Grunnvatnsfar og vatnajarðfræði voru könnuð á vatnasviðum nokkurra fallvatna vegna virkjunarhugmynda. Þessar rannsóknir voru framhald athugana á undanförunum árum, m.a. voru allvíða tekin sýni til greiningar á klóríði og súlfati, en sú aðferð hefur gefist vel við kortlagningu á grunnvatnsstraumum og grunnvatnssvæðum.


Könnun fór fram á eftirtöldum svæðum:

- **Jökulsá vestari í Skagafirði – Eyvindarstaðaheiði.** Áfram var haldið könnun á lindum undan Eyvindarstaðaheiði til Svartár í Skagafirði og Svartár í Húnabingi. Með því var lokið forkönnun á grunnvatnsfari á svæðinu.
- **Jökulsá austari í Skagafirði – Nýjabæjarfjall.** Kannaðar voru lindir til Fossár, Hólknár og Geldingsár.
- **Jökulsá á Fjöllum – Jökulsá á Dal.** Könnuð var vatnajarðfræði og lindir í Þríhyrningsdal og Fiskidal auk uppfyllingar í svæðisyfirlit og tímaraðir. Með því er að sinni lokið forkönnun á grunnvatnsfari á svæðinu.
- **Skaftá.** Kannaðar voru lindir milli Skaftár og Tungnaár, vestan Langasjávar.

Rannsóknir til að kanna jarðhita

Gerðar voru TEM-viðnámsmælingar til að kortleggja háhita undir svæðinu kringum Sandfell og á sunnanverðu svæðinu sem kennt er við Krísuvík. Mælingarnar sýna mikla útbreiðslu háhita, en niðurstöður benda til þess að frekari mælinga sé þörf til að afmarka útbreiðsluna og draga fram finni drætti.

Á jarðhitasvæðinu á Laugalandi í Eyjafjarðarsveit fer fram tilraun með niðurdælingu bakrásarvatns frá Hitaveitu Akureyrar. Ljósm. Oddur Sigurðsson.



SAMVINNUVERK

unnin samkvæmt samstarfssamningi milli Orkustofnunar, orkufyrirtækja og annarra aðila.

Niðurdæling á jarðhitasvæðinu á Laugalandi

Á árinu hélt áfram vinna við viðamiklæ samvinnuverk nokkurra innlendra og erlendra aðila, sem styrkt er af Evrópusambandinu, og lýtur að niðurdælingu bakrásarvatns í jarðhitakerfið á Laugalandi í Eyjafjarðarsveit. Verkefnisstjórn tilraunarinnar er á vegum Hita- og vatnsveitu Akureyrar, en Orkustofnun hefur yfirumsjón með hinum vísindalega þætti hennar. Tilgangur verkefnisins er að sýna fram á að með niðurdælingu vatns megi auka orkuframleiðslu úr jarðhitakerfum þar sem lektin er að mestu í bergsprungum og aðrennsli er tregt. Hugmyndin er að vatnið sæki varmaorku úr heitu bergi jarðhitakerfisins á leið þess frá niðurdælingarholu til vinnsluholna. Niðurdæling hófst í byrjun september og er fylgst mjög nákvæmlega með viðbrögðum jarðhitakerfisins við niðurdælingunni og miklu safnað af gögnum, sem bíða á ítarlegrar úrvinnslu.

Umhverfisáhrif jarðhitanýtingar

Átaksverkefni til nokkurra ára um rannsóknir á umhverfisáhrifum jarðhitanýtingar hófst árið 1991 sem samstarfsverkefni milli Orkustofnunar, Hitaveitu Suðurnesja, Hitaveitu Reykjavíkur, Landsvirkjunar og umhverfisráðuneytisins. Tilgangur verkefnisins var fyrst og fremst að meta stöðu umhverfismála á þeim svæðum, sem þegar eru virkjuð. Ennfremur að gera tillögur um eftirlit og rannsóknir tengdar umhverfismálum á þessum svæðum og ýta úr vör langtímaeftirliti með helstu umhverfisþáttum. Á árinu 1997 var unnið að úrvinnslu gasmælinga og fjar-

könnunarmælinga. Rannsóknir á óvirkjuðum svæðum voru í nokkru umfangsmeiri en tvö undanfarin ár, einkum vegna styrks frá Rannsóknarráði Íslands til rannsókna í Kverkfjöllum. Talsvert miklar rannsóknir fóru af stað á grunnvatnskerfum á Kröflu – Námafjallssvæði, einnig fyrir styrk frá Rannsóknarráði Íslands. Haldinn var opinn kynningarfundur um verkefnið í október þar sem gerð var upp staða þess og kynntar helstu niðurstöður. Átaksverkefnið sem slíkt var gert upp á árinu 1997 og er flestum stærstu sérverkefnum, sem skilgreind voru sem samvinnuverk við virkjunaraðila, lokið, að frátöldum nokkrum langtímaverkefnum. Ýmsir af stærri verkþáttum umhverfisverksins eru tengdir alþjóðlegu samvinnuverkefni á vegum IEA (International Energy Agency) um rannsóknir á umhverfisáhrifum samfara nýtingu jarðhita og verða niðurstöður þeirra kynntar á alþjóða jarðhitaráðstefnunni í Japan árið 2000.

Gerðar hafa verið tillögur og kostnaðaráætlun frumúttektar á rannsóknarþörf vegna þeirra háhitasvæða sem næst eru talin standa virkjun.


Rannsókn jarðhita til raforkuvinnslu

Orkustofnun, Hitaveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja og Landsvirkjun hafa gert með sér rammisamning um þetta samvinnuverkefni. Á árinu var unnið við eftirfarandi verkþætti:

- **Yfirborðsrannsóknir á háhitasvæðinu við Torfajökul.** Farin var ferð til að safna vatns- og gufusýnum til efnagreininga. Fjármagn hrökk aðeins fyrir sýnatökunni en ekki greiningum. Unnið var úr TEM-mælingum og gerð grein fyrir stöðu verkefnisins.
- **Forðafræðistuðlar.** Endurskoðaðar voru reikniforsendur og kvörðun til að breyta mælingum á náttúrulegri gammageislun frá bergi í borholum yfir í kísilinnihald bergs. Eðlisfræðilegir þættir náttúrulegrar geislunar bergs voru greindir og ákvarðað hvaða eiginleikar bergsins hefðu ráðandi áhrif á samspil geislunar og kísilstyrks. Með því að umbreyta mældri geislun yfir í styrk kísils má ákvarða berggerðina. Í niðurstöðum þessa verks er jafnframt bent á að mögulega megi ákvarða samfelldan feril fyrir varmaleiðni bergs í borholum út frá reiknuðum kísilstyrk og mælingu á gropi.

Haldið var áfram samvinnu við Tækniháskólann í Gautaborg, Jarðfræðistofnun Danmerkur og Rogalands rannsóknarstöðina í Noregi um verkefni við mælingar á íslenskum bergsýnum með sérstakri áherslu á áhrifum grops á raf- og varmaleiðni bergsins. Á árinu voru lekt, grop, varmaleiðni og hljóðhraði mæld í sýnum úr einu hraunlagi í Öskjuhlíð. Haldinn var samráðsfundur um niðurstöðurnar í ágúst, en þær voru um margt óvæntar. Unnið er að frekari mælingum á sýnunum sem varpa ljósi á niðurstöðurnar.

Tekin var saman skýrsla um ummyndun og samspil ummyndunar við aðra eiginleika bergsins eins og lekt og grop í um 160 sýnum.



- **Áhrif niðurdælingar á vinnslutilhögun á háhitasvæðum.** Í reiknilíkani fyrir háhitasvæði er athugað á fræðilegan hátt hver áhrif niðurdælingar eru á vinnslu þeirra. Reikningar eru gerðir fyrir mismunandi tilhögun á niðurdælingu og breytilegt upphafsástand í jarðhitakerfinu, þ.e. vatnskerfi, kerfi með blöndu gufu og vatns, og gufukerfi. Lokið er athugunum fyrir jarðhitakerfi með náttúrulegt aðstreymi og kom þar í ljós að ef lekt jarðhitakerfisins var mikil hafði niðurdælingin ekki mikil áhrif á orkugetu þess. Á árinu lauk einnig athugun fyrir vatnskerfi og benda niðurstöður til að niðurdæling auki orkugetu þeirra kerfa, aðallega vegna viðhalds þrýstings í þeim. Útreikningum fyrir tveggja fasa kerfi er nær lokið en niðurstöður liggja ekki enn fyrir. Þó virðist sem varmanám úr bergi skipti meira máli fyrir orkugetu kerfanna en viðhald þrýstings í þeim.

GPS-mælingar

Vegagerðin, Landsvirkjun, Orkustofnun, Landmælingar Íslands og Póstur og sími gerðu GPS-mælingar í grunnstöðvum og 44 þríhyrningapunktum Orkustofnunar og Landmælinga Íslands á Austurlandi. Fimm GPS-viðtæki Vegagerðarinnar og Landsvirkjunar voru notuð við mæliátakið, sem stóð í 9 daga auk ferða, en áður hafði Orkustofnun undirbúið verkið og kannað leiðir í flestar mælistöðvar. Tilgangur með þessu verki er að umreikna síðar þríhyrninganet og kort Orkustofnunar á Austurlandi yfir í hnitakerfi með viðmiðun ISN93.

Könnun orkulinda á hafsbotni

Fram var haldið vinnu við söfnun, viðhald og úrvinnslu mæligagna af landgrunninu, svo og eftirlit og áætlanir vegna væntanlegra rannsókna. Á meðal þessa var samstarf við danska samstarfsaðila um sameiginleg mæligögn á Hatton-Rockall svæðinu, og undirbúningur að meðferð og dreifingu þessara gagna í framtíðinni, þar sem eftirspurn er að myndast vegna vaxandi áhuga á svæðinu.

Unnið var við nefndarstörf fyrir starfshóp um olíuleit og er á vegum iðnaðarráðuneytis og lýkur störfum 1998. Í tengslum við þessa vinnu er verið að taka saman yfirlit um niðurstöður rannsókna síðasta áratugar á landgrunni Norðurlands. Þetta verk felur í sér endurskoðun á túlkun mikilvægustu gagna.

SÖLUVERK

unnin fyrir orkufyrirtæki og aðra aðila samkvæmt samningi.

Rannsóknasvið sér um vinnslueftirlit fyrir allmargar hitaveitur á landinu. Farin er ferð árlega til að safna vatnssýnum frá hitaveitum til að fylgjast með efnainnihaldi vatnsins og fylgst er með hita og þrýstingi í jarðhitakerfum. Víða eru gagnasöfnunartæki til þess að safna gögnum um vinnsluna.

Hitaveita Reykjavíkur

- **Höfuðborgarsvæði – Almenn:** Á undanförunum árum hefur verið unnið að kortlagningu jarðhita á yfir-

borði í Reykjavík og nágrenni. Þessari vinnu lauk á árinu með útkomu skýrslna með ítarlegum upplýsingum um alla þekkta jarðhitastaði á svæðinu að fornu og nýju, en flestir hverir og laugar á svæðinu hafa þornað á undanförunum áratugum vegna dælingar úr vinnslusvæðum Hitaveitunnar. Í skýrslunni er að finna nákvæm jarðhitakort og staðarlýsingar auk upplýsinga um rennsli og hita, en farið var yfir allar tiltækar heimildir um jarðhita á svæðinu og leit að upplýsinga hjá staðkunnugum. Þá voru kannaðir þeir staðir þar sem enn er heitt eða volgt vatn á yfirborði. Fundust m.a. nokkrar áður óþekktar volgrur.

- Einnig kom út á árinu samantektarskýrsla um þyngdar- og segulmælingar í Reykjavík og nágrenni. Nýtt þyngdarkort var unnið úr mælingum sem gerðar hafa verið á síðustu áratugum bæði á sjó og landi. Flugsegulkort í 150, og 500 m hæð voru endurskoðuð ásamt mælingum á jörðu niðri. Kortin bæta töluverðu við þekkingu á berggrunni á svæðinu. Undir stóru svæði frá austurluta Reykjavíkur og norður um Kjalarnes má sjá ummerki forrnar rofinnar eldstöðvar, þar sem afmarkaðir hlunkar af eðlisþungu og sterkt öfugt segulmögnum bergi koma skýrt fram í mælingunum. Talið er að hér sé einkum um dólerítinnskot að ræða. Vinnslusvæði Hitaveitunnar liggja við jaðra á innskotasvæðinu og Þvottalaugarnar virðast hafa komið upp með ganglaga innskoti. Líklegt er að innskotamyndanirnar stýri jarðhitavirkni svæðanna að einhverju leyti. Þegar er hafin skoðun á finni atriðum í berggrunninum og verður þeim mælingum haldið áfram á þessu ári.
- **Rannsóknarholur – HS-holur:** Boraðar voru tvær 1000 m djúpar rannsóknarholur til að kanna útjaðra Reykjasvæðanna. Fyrri holan er norðan Hafravatns en sú síðari við Köldukvísl austan Leirvogstungu. Holurnar voru hitamældar, en úrvinnsla borsvarfs fer fram síðar. Holan við Hafravatn er í aðstreymissvæði Suður Reykja og koma þrýstibreytingar vegna vinnslu þar vel fram í holunni. Síðari holan reyndist mjög þétt enda boruð í innskotaberg. Hiti í botni er rétt um 100°C sem er með því heitasta í Mosfellsbæ. Ekki er ljóst hvort þrýstibreytingar vegna vinnslu komi fram í holunni, en það mun verða kannað. Á árinu var farið í HS-holur boraðar 1995–96, þær jarðlagamældar og borsvarf greint.
- **Laugarnessvæði:** Áfram var unnið að úrvinnslu hitamælinga úr öllum borholum á Laugarnessvæðinu og nágrenni þess með það fyrir augum að meta hita í berggrunni niður á 1–3 km dýpi. Áður hafa sambærilegar rannsóknir verið gerðar fyrir Elliðaársvæðið og Reykjasvæðin.
- **Reykjasvæðin í Mosfellsbæ:** Áfram var unnið að úrvinnslu jarðfræðigagna úr borholum á svæðinu. Unnið var að þunnsneiðaathugunum og var lokið gerð ummyndunarsniða fyrir allar djúpu borholurnar á Reykjum. Útgáfu þunnsneiðamynda er einnig að ljúka. Þá var einnig unnið að gerð jarðlagalíkans fyrir Reykjasvæðin, en slíkt líkan er grundvöllur undir því víða hermireikninga af svæðunum.

- **Nesjavellir:** Borholur á Nesjavöllum, sem ekki eru í notkun fyrir virkjunina eru hita- og þrýstimældar árlega til að fylgjast með breytingum. Allmargar af þessum holum voru blástursprófaðar á árinum 1996. Niðurdráttur vegna prófunarinnar hefur ekki gengið til baka og virðist niðurdrátturinn í vinnslusvæðinu hafa aukist síðustu eitt eða tvö árin. Hiti lækkaði einnig vegna prófananna, en er nú mun nær fyrri gildum, en þrýstingur. Mun hægari hita- og þrýstibreytingar koma fram í holum fjær vinnslunni. Lengdarmælt var á sprungum á línustæðinu í Hengladölum norðan Hengils. Breytingar eru hverfandi, en þó marktækar á einstaka sprungum. Könnun á einkennum innkotabergs og rannsókn á vökvabólum í útfellingum hélt áfram og í því skyni voru 20–30 sýni send til efnagreininga í Kanada.
- **Kolviðarhóll:** Gerðar voru árlegar hita- og þrýstimælingar í holu KhG-1 til eftirlits með þessum hluta Hengilssvæðisins. Vatnsborð hefur farið hækkandi í holunni síðustu árin og skýrist það af hækkandi hita á 400–1300 m dýpi. Neðan 1300 m hefur hiti heldur lækkað. Líklegasta skýringin á upphituninni er sú að sprungur mjög nærri holunni hafi opnast (e.t.v. í jarðskjálfta) og leiði nú heitara vatn að efri jarðlögum við holuna. Þrýstingur í jarðhitakerfinu hefur ekki breyst.
- **Ölkelduháls:** Hóla ÖJ-1 var boruð um áramótin 1994/5. Úrvinnslu gagna frá borun holunnar, upphitun eftir borun og blástursprófunum lauk á árinu. Árlegt eftirlit með hita og þrýstingi í ÖJ-1 sýnir engar marktækar breytingar á þessum þremur árum frá borun holunnar.

Hitaveita Akureyrar

Á árinu 1997 var megináhersla í rannsóknnum Rannsóknasviðs fyrir Hita- og vatnsveitu Akureyrar lögð á rannsóknir á niðurdælingu á Laugalandi (sjá Samvinnuverk). Á árinu var lokið við skýrslu um viðnámsmælingar sem gerðar voru við Uppsali og Sigtún í Eyjafjarðarsveit, en á þeim slóðum er grunur um jarðhitakerfi sem nýst gæti hitaveitunni. Einnig var viðnámsmælt í kringum Reyki í Fnjóskadal.

Hitaveita Suðurnesja

Fyrir Hitaveitu Suðurnesja var unnið að verkefnum er tengjast endurnýjun á orkuveri I, en í stað þess verður reist orkuver þar sem fléttað er saman framleiðslu á 75 MW af hitaveituvatni og framleiðslu á 30 MW af rafmagni í eimsvala gufuhverfli með tveimur gufuúttökum. Nýjum holum var valinn staður og verklýsing gerð að borun fimm holna sem verða boraðar 1998. Þar af eru þrjár vinnsluholur í Svartsengi, ein niðurdælingarhóla 2,5 km vestan Svartsengis og einnig ný vinnsluhóla á Reykjanesi vegna athugana á aukinni jarðhitanytingu þar. Bætt var við 37 TEM viðnámsmælingum til að marka betur útbreiðslu jarðhitasvæðisins í Svartsengi til suðurs og austurs auk þess að kanna betur samfellda tengingu jarðhitakerfisins milli Svartsengis og Eldvarpa. Að viðbættum mælingum frá 1987 hefur fengist skýrari mynd af út-

breiðslu háhitasvæðanna á utanverðum Reykjanes-skaga. Lokið var við að mæla massaflæði og vermi fimm vinnsluholna í Svartsengi. Þær sýndu að unnt er að auka streymi úr holunum vegna hinnar góðu lektar sem er í svæðinu og einnig að vermi og gas í gufunni eykst ef streymið er lítið. Efnagreiningar voru gerðar í tengslum við tilraunir til að bæta hreinleika gufunnar með endurbótum á síumottum í gufuskiljum og einnig tilraun á afgösum súrefnis og kolsýru úr upphituðu ferskvatni, vegna hönnunar á orkuveri V.

Vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar magnesíumverksmiðju voru teknar saman upplýsingar um jarðfræðilegar aðstæður og öflun vatns og sjávar. Unnið var áfram við jarðfræðikort í skala 1:25.000 sem senn nær til alls utanverðs Reykjanes-skaga.

Hitaveita Þorlákshafnar

Önnur vinnsluhóla veitunnar, HJ-01, hefur kólnað, einkum í botni holunnar. Við vinnslueftirlit árið 1990 kom í ljós að kalt innstreymi var inn í botn holunnar. Tókst að stöðva það með því að steypa í botn holunnar en reiknað var með því að sú viðgerð dygði aðeins í nokkur ár. Nú er um að ræða mjög hægfara breytingar og verður fylgst með holunni á næstunni og væntanlega tekin ákvörðun um aðgerðir til úrlausnar á árinu 1998.

Selfossveitur

Auk venjubundins eftirlits með vinnslusvæði Selfossveitna við Þorleifskot var áfram unnið að jarðhitakönnun í nágrenni Selfoss, m.a. unnið að úttekt á möguleikum á frekari orkuvinnslu á vinnslusvæðinu við Þorleifskot.

Landsvirkjun

- **Krafla.** Miklar framkvæmdir voru á vegum Landsvirkjunar í Kröflu, Orkustofnun sá um jarðhitafræðilega ráðgjöf ásamt því að veita sérhæfða þjónustu við gufuöflunina. Helstu ráðgjafar Landsvirkjunar voru auk OS, verkfræðistofurnar VGK hf og Raft-eikning hf, sem stýrðu verkefnum. Auk þess sá Kermía sf um greiningu á gæðum efnainnihalds borholuvökvans. Jarðboranir hf sáu um boranir.

Lokið var við fyrsta áfanga viðamikils hermilkans af vinnslusvæðum Kröfluvirkjunar. Lögð var áhersla á að spá fyrir um vinnslugetu Suðurhlíðasvæðisins og tóku staðsetningar á þremur borholum þar m.a. annars mið af niðurstöðum hermireikninganna. Boraðar voru fimm holur eftir háþrýstigu á árinu með góðum árangri. Stefnuborunartækni var beitt við boranirnar og gafst hún vel. Í heildina séð var árangur borana góður og er viðbótin fyrir virkjunina um eða yfir 30 MW.

Á haustmánuðum var sett á laggirnar samstarfsverkefni OS og LV um athuganir á smáskjálftum þegar kaldur borvökvinn leitar út í sprungur jarðhitakerfisins í Kröflu. Sett var upp net skjálftamæla meðan borað var í vinnsluhluta holna KJ-31 og KJ-27. Söfn-



Frá jarðhitasvæðinu í Köldukvíslarbotnum. Þar var unnið að ítarlegri kortlagningu jarðhita á lónstæði Hágöngumiðlunar. Nyrðri Háganga í baksýn. Ljós. Magnús Ólafsson.

un gagna er lokið og verður unnið úr þeim á þessu ári.

Á árinu 1997 var að mestu lokið samantekt og úrvinnslu allra hæðar- og þyngdarmæligagna á Kröflusvæði, frá árinu 1974 og til dagsins í dag. Hér var um að ræða umfangsmikið verkefni, en nú liggur fyrir viðamikl og samræmt gagnasafn sem nýtast mun í framtíðinni, bæði til aukins skilnings á Kröfluendum og við vinnslueftirlit með jarðhitageyminum í Kröflu.

- **Köldukvíslarbotnar.** Jarðhiti í Köldukvíslarbotnum var kortlagður fyrir Landsvirkjun í mælikvarðanum 1:500 vegna fyrirhugaðrar Hágöngumiðlunar. Verkið var unnið til að uppfylla eitt af skilyrðum umhverfisráðuneytis fyrir leyfisveitingu framkvæmdanna.
- **Jarðfræðikortlagning.** Í ár var tekin upp að nýju vinna við gamalt samstarfsverk Orkustofnunar og Landsvirkjunar um jarðfræðikortlagningu vatnasviðs Þjórsár ofan Búrfells í mælikv. 1:50.000, en vinna við það hefur legið niðri um árabíl. Tilbúin handrit lágu fyrir af þremur kortum, en samið var um að tölvutaka fyrsta kortið, (Nyrðri-Háganga 1914/II, berggrunnur), og var því nær lokið á árinu.
- **Grunnvatnsrannsóknir við Þingvallavatn.** Haldið áfram rannsókn á vatnajarðfræði og grunnvatnsfari á vatnasviði Þingvallavatns og Brúarár.

Önnur þjónustuverk

Efnarannsóknarstofa Orkustofnunar var rekin með hefðbundnu sniði árið 1997 og voru skráð um 750 vatns-sýni til greiningar af köldu og heitu vatni. Auk þess voru gerðar efnagreiningar í tengslum við þróunarvinnu og greind sýni af útfellingum í jarðhitamannvirkjum frá ýms-um stöðum. Veruleg aukning var á efnagreiningum á vatnssýnum úr jökulám, aðallega ánum á Skeiðarársandi í tengslum við umbrotin í Vatnajökli og rannsóknaverkefni styrktu af Rannís, sem sett var á fót í kjölfar þeirra. Stórt þjónustuverkefni í mengunarmælingum var unnið fyrir Veðurstofu Íslands.

Borholumælingar eru gerðar í nýboruðum holum til að fá grunnupplýsingar um jarðhitakerfin, en einnig í eldri borholum til að fylgjast með þeim breytingum sem vinnsla úr kerfunum veldur. Á árinu 1996 voru mældir samtals 503.295 dýptarmetrar í borholum á Íslandi. Mest var um hita- og þrýstímælingar, en einnig voru gerðar ýmsar mælingar til að kortleggja jarðlög og eiginleika þeirra (viðnám, poruhluta), og til þess að kanna ástand borholna (holuvídd, steypugæði, botnfall o.fl.). Umfang borholumælinga á árinu var umtalsvert meira en á árunum áður.

Jarðhitaleit

Unnið var að jarðhitaleit og forrannsóknum vegna borana eftir heitu vatni víða um land, bæði fyrir starfandi hitaveit-

ur og á stöðum eða svæðum þar sem ekki hafði verið borað áður. Nýjum vinnsluholum fyrir hitaveiturnar í Varmahlíð, á Húsavík og á Grafarbakka í Hrunamannahreppi var valinn staður og þær boraðar og varð árangur góður. Sama máli gegnir um einkaveitu í Langhúsum í Fljótum.

Gerðar voru segulmælingar fyrir Árskógshrepp til að kortleggja bergganga og misgengi, og haldið áfram jarðhitaleit með hitastigulsborunum. Þar náðist síðar á árinu góður árangur er borað var eftir heitu vatni.

Eftir hefðbundna leit með hitastigulsholum voru boraðar vinnsluholur á Drangnesi og í Árskógshreppi, en þar var ekki jarðhiti á yfirborði. Þær tókust einnig vel. Jarðhitinn við Selá í Vopnafirði var rannsakaður og fékkst ný sýn á hann og viðbótarvatn fyrir sundlaug. Heitavatnsborun í Haukholtum í Hrunamannahreppi skilaði ekki árangri, þrátt fyrir að þar væri boruð heitasta hola ársins á lágheatavæði (140°C). Jarðhitaleit var haldið áfram á Snæfellsnesi, en árangur af henni liggur ekki fyrir nema í Helgafellssveit þar sem tvö álitleg jarðhitakerfi fundust. Kerfisbundin jarðhitaleit var gerð í Hólmavíkur- og Kirkjubólshreppum í Strandasýslu, en hún skilaði ekki árangri.

Margvísleg ráðgjöf var veitt víðar en hér var talið, bæði vegna fyrirhugaðra heitavatnsborana og jarðhitaleitar. Sérstæðasta tilfellið var í Hvalfjarðargöngum þar sem farið var í gegnum sprungur og ganga á þröngu bili með allt að 60°C heitu vatni. Merki sáust um kælingu og niðurrennsli sjávar í sprungukerfi þetta, sem eflaust stafar af vinnslu heits vatns á Reykjavíkursvæðinu.

Fyrir Orkubú Vestfjarða voru gerðar viðnámsmælingar í Bolungarvík í tengslum við jarðhitaleit sem þar fer nú fram.

Gerðar voru viðnámsmælingar í Fram-Fnjóskadal til yfirlitskönnunar á mögulegum jarðhita og til að ákvarða stað fyrir hitastigulsholu.

Jarðfræðikortlagning

Áfram var haldið kortlagningu höfuðborgarsvæðisins í mælikvarða 1:25.000 fyrir sveitarfélögin á svæðinu, í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóla Íslands og Landmælingar Íslands.

Eitt sveitarfélag, Mosfellsbær, bættist í hópin á árinu, svo kortblöðum verkefnisins fjölgaði um eitt. Lokið var við 3 kortblöð 1997: Mosfell 1613/III NA-V (vatnafar), Viðey 1613/III NVB (berggrunnur) og Viðey 1613/III NV-J (jarðgrunnur). Öll kortin eru á tölvutæku formi. Einnig er hafin vinna við gerð yfirlitskorta í mælikvarðanum 1:50.000 af öllu svæðinu.

Að tilhlutan samvinnunefndar um svæðisskipulag Ölfushrepps, Hveragerðis og Selfoss voru gerð berggrunnskort og jarðhita/vatnafarskort af svæði sem markast af Herðisárvík í vestri, Stokkseyri í austri og suðurenda Þingvallavatns í norðri. Unnið var úr fjölda eldri jarðfræðikorta eftir jarðfræðinga innan Orkustofnunar sem utan. Kortin voru samræmd, einfölduð og tölvutekin.

Sérfræðingar jarðfræðideildar unnu með jarðfræðingum Melmis ehf. að gulleit á leitarsvæðum víða um land. Einnig var veitt aðstoð við tölvuvinnslu rannsóknargagna með landupplýsingarkerfinu ArcInfo.

Grunnvatnsrannsóknir


Rannsakað var grunnvatn á nokkrum stöðum vegna mengunar frá sorpurðun og nálægt vatnstökusvæðum vatnsveitna. Auknar kröfur um eftirlit á þessum þáttum hafa orðið til þess að jarðefnafræðideild hefur tekið að sér að hafa slíkt eftirlit með grunnvatni á nokkrum stöðum. Sérþekking á sviði mengunar grunnvatns, sýnatöku og efnagreiningar ýmissa sporefna og þungmálma nýtist vel við slík verkefni. Talsvert hefur aukist að beðið sé um umsögn um eiginleika vatns til heilsuáða og voru nokkur slík verkefni afgreidd á liðnu ári.

Ýmis verk

Unnið var að endurnýjun bæði XRD tækis til steindagreininga og XRF tækis til jarðefnagreininga með styrki um úr tækjasjóði byggingarsjóðs Rannís.

All umfangsmikið verkefni var unnið fyrir Sundabraut ehf, vegna fyrirhugaðs vegar um Sundin og Geldinganes. Gerðar voru bylgjubrotsmælingar á fyrirhuguðu vegstæði um Sundin til að kanna þykkt setlaga og hljóðhraða í setlögum og berggrunni. Einnig var gert segulkort af nokkrum stærra svæði kringum vegstæðið á Sundunum til að meta dýpi á berggrunn og gerð berglaga.

Deildarstjóri verkfræðideildar vann við borradgjöf í tvo mánuði á Berlin jarðhitasvæðinu í El Salvador og veitti ráðgjöf við að meta aðstæður til kolsýruvinnslu úr borholum í Equador.




Þyngdar- og segulviðskort af Reykjavík og nágrenni. Mælingar að baki kortinu leiða í ljós að ummerki fornar rofinnar eldstöðar er að finna undir stóru svæði frá austurluta Reykjavíkur norður á Kjalarnes.

Hálfrar aldar afmæli Vatnamælinga

Haldið var upp á 50 ára afmæli Vatnamælinga á árinu 1997. Bæklingur sem fylgdi ársskýrslu Orkustofnunar fyrir árið 1996 var að hálfu helgaður þessu afmæli, en að hálfu Skeiðarárhlaupinu mikla. Þann 5. desember 1997 var svo boðað til afmælisfundar Vatnamælinga, og var nokkrum eldri fulltrúum gæslumanna við vatnshæðarmælakerfið sérstaklega boðið til fundarins og þeir heiðraðir í tilefni þessara tímamóta, sjá mynd. Á fundinum héldu nokkrir fulltrúar þeirra sem nota gögn Vatnamælinga fróðleg erindi, og gegndi einn þeirra þar raunar tvöföldu hlutverki, því fyrir utan það að vera forstjóri Íslenska álfélagsins er Rannveig Rist einnig dóttir fyrsta forstöðumanns Vatnamælinga Sigurjóns Rist, og gat því umfram aðra sett umfjöllunarefni sitt í sögulegt samhengi.

Eftirmál Skeiðarárhlaups

Mikil vinna var lögð í það á fyrri hluta ársins að gera grein fyrir atburði á Skeiðarársandi haustið 1996 og eðli þess mikla hlaups sem fylgdi í kjölfar eldgossins í Gjalp. Árangur þessa starfs má m.a. sjá í skýrslu Vegagerðarinnar *Vatnajökull. Gos og hlaup 1996*. Einnig var kallað eftir erindum og fróðleik víða að á innlendum og erlendum vettvangi, m.a. hélt forstöðumaður Vatnamælinga hátíðarerindið á ráðstefnu Alþjóða vatnafræðifélagsins í Rabat í Marokkó.



Efnavöktun á Skeiðarársandi. Fylgst er reglulega með efnasamsetningu og aurburði í ám frá Vatnajökli og Mýrdalsjökli. Verkefnið er samstarfsverk Orkustofnunar, Raunvísindastofnunar Háskólans, Rannís og Vegagerðarinnar. Ljós. Snorri Zóphóníasson.



Nokkrum eldri fulltrúum úr hópi gæslumanna vatnshæðarmæla, ásamt starfsmönnum sem komnir eru á eftirlaun, var boðið sérstaklega til 50 ára afmælisfundar Vatnamælinga og þeir heiðraðir. Á myndinni sjást f.v. Sigtryggur Þorláksson (Svalbarði, Pistilfirði), Steinn Snorrason (Syðri-Bægisá, Öxnadal), Árni Snorrason forstöðumaður Vatnamælinga, Hjalti Þorvarðarson (Selfossi), Davíð B. Guðnason (fv. starfsmaður Vatnamælinga), Bjarni Þorsteinsson (Hurðarbaki, Borgarfirði) og Oddsteinn R. Kristjánsson (Hvammi, V-Skaft.). Á myndina vantar Sigmund Magnússon (Vindheimum, Lýtingsstaðahr.) og Guðmundu Andrésdóttur (fv. starfsmann Vatnamælinga), sem voru fjarverandi. Ljós. Oddur Sigurðsson.



Afkomumælingar á Hofsjökli í maí 1997. Bræðslubor og snúningsbor. Kerlingarfjöll í baksýn. Ljós. Oddur Sigurðsson.

Þegar eftir Skeiðarárhlaupið mikla í byrjun nóvember 1996 byrjaði vatn að safnast í Grímsvötn. Það stóð þó aðeins fram yfir áramót, en fljótlega úr því kom í ljós að ekki hækkaði í Grímsvötnum, enda mikið í Skeiðará fram eftir vetri. Var talsvert af hveravatni í ánni fram í ágúst, sem bendir eindregið til að stíflan við útfall Grímsvatna hafi ekki haldið. Síðastliðið haust fór svo aftur að hækka íshellan á Grímsvötnum.

Jöklamælingar og vatnsbúskapur

Annað árið í röð varð úrkoma á jökla sú minnsta síðan 1988. Það hlýtur að koma fram í afkomu jöklanna, sem minnka talsvert um þessar mundir. Þó að jöklarnir hafi farið varhluta af úrkomunni þá bitnaði það ekki á rennsli jökulanna, nema síður sé. Eins og sjá má í *Áráttunni*, ársfjórðungslegu yfirliti um vatnamælingar og vatnsbúskap, eru allar jökulár vel yfir meðalrennsli þetta vatnsár. Það helgast af því, að sumarið var hlýrra en að jafnaði sem veldur náttúrliga mikilli bráðnun á jökli. Jafnframt bráðnaði ofan af jökulís fyrir en oft endranær. Hann er mun dekkri en snjór og drekkur því í sig geisla í meira mæli, þannig að örar bráðnar en ella. Enn meiri varð leysingin vegna áfoks af Skeiðarársandi, a.m.k. á jökla sunnanlands, en askan frá Gjálpi dreifðist einnig um flesta jökla landsins. Leysing á jökli þetta sumar var sú næst mesta síðan 1988, en fyrir það að ákoman var svo rýr nú varð afkoma jökla þetta ár sú lélegasta í 10 ár. Á Þrándarjökli tók upp allan snjó vetrarins og gott betur. Hætt er við, að hann léti mjög á sjá, kæmu mörg slík ár í röð. Afkomu mælingar á íslenskum jöklum undanfarin 10 ár hafa verið notaðar, ásamt öðru, til að reikna út þátt jökla í hækkun sjávarborðs á heimshöfunum.

Óregla í Skaftárhlaupum

Þann 15. ágúst kom hlaup í Skaftá úr eystri katlinum eftir rúmlega tveggja ára hlé, sem telst eðlilegur tími. Hlaupið var meðalhlaup af stærri gerð og þess gætti engu að síður í Hverfisfljóti. Það sýnir að jökullinn er ekki kominn í jafnvægi eftir framrás 1994–1995, og finnur vatnið sér þess vegna víðar leiðir undir jökli en vant var fyrir 1994. Rúmri viku seinna kom svo aftur hlaup í Skaftá, en nú úr vestari katlinum. Það var óvænt, því að ekki var liðið nema ár frá því að síðast hljóp þaðan. Meðfram þessum hlaupum var mikil votviðratíð á Suðurlandi. Stóð vatn því lengi hátt í Skaftá og flæddi mikið út á hraunin í Landbroti. Lá m.a. nokkra daga vatn á hringveginum austarlega í Eldhrauni. Þar hjálpuðu einnig til fyrirhleðslur í Skaftá undan Skálarheiði.

Rennsli í Skaftá og grunnvatn í Eldhrauni

Tengslin á milli rennslis í Skaftá og grunnvatns í Eldhrauni voru til sérstakrar athugunar hjá Orkustofnun á vegum Vegagerðarinnar, Landgræðslu ríkisins og Skaftárhrepps á árunum 1993–96, og unnu að því sérfræðingar bæði af Vatnamælingum og Rannsóknasviði. Tvær umfangsmiklar gagnaskýrslur og ein greinargerð með samantekt á niðurstöðum þessara rannsókna voru gefnar út á árinu. Í framhaldi af því fól Vegagerðin Vatnamælingum að halda áfram rekstri tveggja vatnshæðarmæla í Landbroti, til eftirlits með ástandi á svæðinu.



Unnið að smíði kláffestu við Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga. Ljósmynd. Snorri Zóphóniasson.

Skipulagsbreytingar á Orkustofnun

Árið 1997 var eins konar millibilsár, hvað varðaði áhrifin af breyttu skipulagi á Orkustofnun, og voru þau smám saman að hríslast út til allra þátta í starfi stofnunarinnar. Þetta átti einnig við um Vatnamælingar, og var hvort tveggja í senn undirbúið nýtt form á verksamningum við helstu viðskiptaaðila, þar sem byggt er á klösum vatnshæðarmæla og rekstrareiningum sem þeim tengjast, auk betur skilgreindra skila á verkefnum, og þar að auki voru lögð drög að nýju skipulagi og verklagi í starfi Vatnamælinga. Í lok árs voru fastráðnir starfsmenn 14 talsins, og hafði fjölgað um einn frá fyrra ári.

Mælakerfi Vatnamælinga

Settir voru upp tveir nýir vatnshæðarmælur á árinu 1997, annar í Ósá, Steingrímsfirði, við Ósfell, fyrir Orkubú Vestfjarða og hinn í Silungakeldulæk, Borgarfirði, við Litla-skarð, á kostnað Vatnamælinga sjálfra í samstarfi við ýmsa rannsóknaraðila. Um er að ræða lítið vatnsvið og ótruflað af mannavöldum, þar sem stundaðar eru rannsóknir á ýmsum sviðum, m.a. í alþjóðlegu samhengi. Einnig urðu þau tímamót, að settur var upp fyrsti rafknúni rennislismælinga- og sýnatökukláfurinn á Íslandi, í Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga, og kostaði Landsvirkjun þá framkvæmd. Haldið var í horfinu með mælakerfið á árinu meðan leitað var hófanna um meiri ábyrgð á rekstri þess hjá aðilum utan Orkustofnunar. Sá hluti kerfisins, sem óvissa var um, naut í bili minni athygli en ella. Fjöldi vatnshæðarmæla var 170, þar af voru 115 rennislisgæfir.

Áráttan

Fréttabréf Vatnamælinga, Áráttan, sem er ársfjórðungslegt yfirlit um vatnamælingar, hélt áfram að koma út á árinu, og sömuleiðis hin vefræna systir *Skjárátta*, sem finna má á veffanginu <http://www.os.is/vatnam>. Vísast til þeirra hvað varðar frekari upplýsingar um vatnafar ársins 1997.

Skýrslur og greinar 1997

Almennt

Orkustofnun, 1997. Ársfundur Orkustofnunar 1997. Dagskrá og erindi. OS-97012.

Orkumálasvið

Einar Þórarinnsson (Náttúrugrípasafninu í Neskaupstað), 1997. Hraunavirkjun. Helstu umhverfisáhrif. Orkustofnun, OS-97041. Unnið fyrir Orkustofnun.

Orkusparnefnd, 1997. Raforkuspá 1997–2025. Orkustofnun, OS-97059.

Orkumál nr 47, 1994. Gefið út af Orkustofnun. ISSN 1027–5630.

Rannsóknasvið

Arnar Hjartarson, 1997. Viðnámsniðsmælingar við Uppsali 1996. Orkustofnun, OS-97007. Unnið fyrir Hitaveitu Akureyrar.

Árni Hjartarson og Þórólfur H. Hafstað, 1997. Sviðin hornahraun. Berggrunnrannsóknir og kort. Orkustofnun, OS-97016. Unnið fyrir auðlindadeild Orkustofnunar.

Árni Hjartarson, Guðmundur Ómar Friðleifsson og Þórólfur H. Hafstað, 1997. Berggrunnur í Skagafjarðardölum og jarðgangaleiðir. Orkustofnun, OS-97020. Unnið fyrir auðlindadeild Orkustofnunar.

Ásgrímur Guðmundsson, Benedikt Steingrímsson, Guðlaugur Hermannsson, Sigurður Sveinn Jónsson, Dagbjartur Sigursteinsson og Sigurður Benediktsson, 1997. Krafla, hola KJ-29. 1. áfangi: Borun fyrir öryggisfóðringu í 394 m dýpi. Orkustofnun, OS-97023. Unnið fyrir Landsvirkjun.

Ásgrímur Guðmundsson, Benedikt Steingrímsson, Dagbjartur Sigursteinsson, Guðlaugur Hermannsson, Guðrún Sverrisdóttir, Hilmar Sigvaldason, Ómar Sigurðsson og Sigurður Sveinn Jónsson, 1997. Krafla, hola KJ-29. 2. áfangi: Borun fyrir vinnslufóðringu frá 308–1004 m dýpi. Orkustofnun, OS-97043. Unnið fyrir Landsvirkjun.

Ásgrímur Guðmundsson, Benedikt Steingrímsson, Dagbjartur Sigursteinsson, Guðlaugur Hermannsson, Guðrún Sverrisdóttir, Hilmar Sigvaldason, Ómar Sigurðsson og Sigurður Sveinn Jónsson, 1997. Krafla, hola KJ-30. 1. áfangi: Borun fyrir öryggisfóðringu í 308 m dýpi. Orkustofnun, OS-97044. Unnið fyrir Landsvirkjun.

Ásgrímur Guðmundsson, Dagbjartur Sigursteinsson, Hilmar Sigvaldason, Hjalti Franzson, Kjartan Birgisson, Sigurður Sveinn Jónsson og Sigvaldi Thordarson, 1997. Krafla, hola KJ-30. 2. áfangi: Borun fyrir vinnslufóðringu frá 309 – 818 m dýpi. Orkustofnun, OS-97045. Unnið fyrir Landsvirkjun.

Ásgrímur Guðmundsson, Dagbjartur Sigursteinsson, Hilmar Sigvaldason, Sigurður Benediktsson, Sigurður Sveinn Jónsson og Sigvaldi Thordarson, 1997. Krafla, hola KJ-31. 1. áfangi: Borun fyrir öryggisfóðringu í 309 m dýpi. Orkustofnun, OS-97047. Unnið fyrir Landsvirkjun.

Ásgrímur Guðmundsson, Benedikt Steingrímsson, Dagbjartur Sigursteinsson, Guðlaugur Hermannsson, Hilmar Sigvaldason, Ómar Sigurðsson, Sigurður Sveinn Jónsson, Sigurður Bene diktsson og Sigvaldi Thordarson, 1997. Krafla, hola KJ-27. 3. áfangi: Fóðrun með 9 5/8" vinnslufóðringu og borun vinnsluhluta. Orkustofnun, OS-97072. Unnið fyrir Landsvirkjun.

